



Bæjarstjórn Garðabæjar 7. (959)/2025

Boðað er til 7. (959). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 15. maí 2025 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Dagskrá:

1. 2504002F - Fundargerð bæjarráðs frá 8/4 '25.
2. 2504024F - Fundargerð bæjarráðs frá 15/4 '25.
3. 2504027F - Fundargerð bæjarráðs frá 29/4 '25.
4. 2504041F - Fundargerð bæjarráðs frá 6/5 '25.
 - 2411159 - Afgreiðsla skipulagsnefndar. Hleinar að Langeyrarmölum - Umsókn um deiliskipulagsbreytingu.
 - 2504130 - Afgreiðsla skipulagsnefndar. Vetrarmýri, dsk breyting, golfskálasvæði.
 - 2504060 - Afgreiðsla skipulagsnefndar. Smalaholt, óveruleg breyting Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030
 - 2502084 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Gilsbúð 9 (Sómi) stækkun byggingareits - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs
5. 2505013F - Fundargerð bæjarráðs frá 13/5 '25.
 - 2505074 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Breiðamýri - Deiliskipulagsbreyting
 - 2505076 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Gásamýri 2-28 - Fyrirspurn til umhverfissviðs
 - 1405080 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Móar, endurskoðað deiliskipulag
 - 2406836 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Miðbær, svæði I og II, Garðatorg 1, deiliskipulagsbreyting.
 - 2504479 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Markarflöt 41 - Deiliskipulagsbreyting Flata
 - 2410218 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Mó aflöt 51 - Dsk. br. Flata
 - 2503226 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Hnoðraholt Norður, dsk breyting, austurhluti Vorbrautar.
 - 2505078 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Þorraholt 2-4, br dsk Hnoðrah Norður.
 - 2503150 - Stefna í málefnum eldri borgara - Aðgerðaráætlun 2025 -2026



6. 2504003F - Fundargerð leikskólanefndar frá 10/4 '25.
7. 2505016F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 13/5 '25.
8. 2505003F - Fundargerð samráðshóps um málefni fatlaðs fólks frá 8/5 '25.
9. 2504017F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 30/4 '25.
10. 2505005F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 8/5 '25.
11. 2504015F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 9/4 '25.
12. 2504018F - Fundargerð velferðarráðs frá 11/4 '25.
13. 2505004F - Fundargerð öldungaráðs frá 12/5 '25.
14. 2501538 - Fundargerðir heilbrigðiseftirlits frá 31/3 og 28/4 '25.
15. 2502251 - Fundargerð stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins frá 21/3 '25.
16. 2501149 - Fundargerðir stjórnar SSH frá 7/4, 14/4, 23/4 og 5/5 '25.
17. 2501405 - Fundargerðir stjórnar Sorpu bs. frá 2/4 og 23/4 '25.
18. 2504457 - Fundargerð eigendafundar Strætó bs. frá 14/4 '25.
19. 2502221 - Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 28/2, 14/3 og 11/4 '25.
20. 2501492 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 11/4 '25.
21. 2408525 - Ársreikningur Garðabæjar 2024 - seinni umræða

Almar Guðmundsson,
bæjarstjóri.

Bæjarráð Garðabæjar
14. (2162). fundur 2025

Þriðjudaginn 8. apríl 2025 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Margrét Bjarnadóttir varamaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Ingvar Arnarson aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs og Ásta Sigrún Magnúsdóttir samskiptastjóri.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2408525 - Ársreikningur Garðabæjar 2024

Umræða bæjarráðs, eftir fyrri umræðu um ársreikning Garðabæjar sem fram fór í bæjarstjórn Garðabæjar 3. apríl 2025.

Lúðvík Hjalti Jónsson fjármálastjóri Garðabæjar og Helgi Kristjánsson deildarstjóri bókhaldsdeildar Garðabæjar mættu á fund bæjarráðs og fóru yfir lykiltölur úr rekstri bæjarins. Fóru þeir nánar tiltekið yfir sundurliðun ársreiknings Garðabæjar og rekstrarreikning aðalbókar, þar sem farið var yfir rauntölur ársins 2024 samanborið við áætlun ársins 2024.

2. 2412384 - Grásteinsmýri 3 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Grásteinsmýri ehf., kt. 510220-1960, leyfi fyrir byggingu 30 íbúða fjölbýlishúss að Grásteinsmýri 3.

3. 2410357 - Suðurhraun 12a - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Hávarðsstöðum ehf., kt. 540617-0150, leyfi til að stækka millipall að Suðurhrauni 12a.

4. 2502253 - Vorbraut 8-12 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita ÞG Hnoðraholti ehf., kt. 660124-0470, leyfi fyrir 42 íbúða fjölbýlishúsi að Vorbraut 8-12.

5. 2501473 - Vorbraut 14 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Meistarasmíð ehf., kt. 661011-0410, leyfi fyrir byggingu fjölbýlishúss með 14 íbúðum að Vorbraut 14.

6. 2402030 - Samræmd innkaup á sorphirðu í stofnunum.

Sviðsstjóri umhverfissviðs fór yfir drög að útboði í sorphirðu fyrir ýmsar stofnanir bæjarins. Verkefnið felur í sér reglubundna losun flokkunariláta og flutning úrgangs á viðurkennda

móttöku- og úrvinnslustaði. Verktaki skal bera ábyrgð á úrvinnslu sorpsins og tekur á sig allan kostnað eða njóta hugsanlegra tekna vegna móttöku og úrvinnslu þ.m.t. vegna mögulegra úrvinnslugjalda.

Bæjarráð felur umhverfissviði framkvæmd útboðsins.

7. 2503410 - Þarfagreining vegna uppbyggingar leik- og grunnskóla í innbæ Garðabæjar.

Sviðsstjórar umhverfissviðs og fræðslu og frístundasviðs fóru yfir minnisblað um þarfagreiningu vegna uppbyggingar leik- og grunnskóla í innbæ Garðabæjar. Í minnisblaðinu er farið yfir þarfagreiningu húsnæðis leik- og grunnskóla, samhliða fyrirhugaðri uppbyggingu íbúða í innbæ Garðabæjar á næstu árum. Þörfum Urriðaholts verður mætt með uppbyggingu 3. áfanga Urriðaholtsskóla. Þá liggur fyrir minnisblað um stöðu og þörf á Álfanesi, sem unnið er eftir.

8. 2302361 - Skýrsla Eflu verkfræðistofu um tillögu að lækkun leyfilegs hámarkshraða í Garðabæ.

Sviðsstjóri umhverfissviðs fór yfir skýrslu Eflu verkfræðistofu um endurskoðun leyfilegs hámarkshraða í Garðabæ. Verkefnið nær til gatnakerfis sem er í eigu Garðabæjar, þ.e. ekki á vegum þar sem veghaldari er Vegagerðin.

Í skýrslunni kemur fram að lækkun hámarkshraða geti hjálpað til að ná markmiðum sveitarfélagsins um fækkun slysa og þá sérstaklega á óvörðum og yngri vegfarendum. Þó sjá megí að aksturstími geti aukist eitthvað þá geta aðgerðirnar skilað töluverðum ávinningi í umferðaröryggi innan sveitarfélagsins og því mat ráðgjafa að ráðast eigi í aðgerðir og lækka hraða.

Bæjarráð felur umhverfissviði að gera tillögur að lækkun hámarkshraða í Garðabæ með vísan í niðurstöður skýrslunnar.

9. 2504054 - Bréf Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands varðandi umsóknir í Styrktarsjóð EBÍ, dags. 2. apríl 2025.

Bæjarráð vísar bréfinu til bæjarstjóra.

10. 2504087 - Bréf Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands varðandi breytingar á samþykktum, dags. 2. apríl 2025.

Lagt fram bréf Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélags Íslands varðandi breytingar á samþykktum félagsins. Breytingatillögurnar rúmast innan E-liðs 56.gr. Samþykktu um stjórn Garðabæjar.

11. 2504088 - Bréf Alþingis varðandi mál til umsagnar um verndar- og orkunýtingaráætlun (bætt málsmeðferð og aukin skilvirkni), 268. mál, dags. 3. apríl 2025.

Lagt fram.

Fleira ekki gert.,

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 8. apríl 2025 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)

Margrét Bjarnadóttir, (sign)

Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)

Ingvar Arnarson, (sign)

Guðlaugur Kristmundsson, (sign)

Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
15. (2163). fundur 2025

Þriðjudaginn 15. apríl 2025 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir varaformaður, Gunnar Valur Gíslason varamaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Ingvar Arnarson aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Hlynur Elías Bæringsson varaáheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs og Ásta Sigrún Magnúsdóttir samskiptastjóri.

Fundargerð ritaði: Ágúst Þór Guðmundsson, sviðsstjóri þjónustu- og þróunarsviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2502298 - Tillögur að breytingum á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Bæjarstjóri gerði grein fyrir stöðu og framgangi frumvarps til laga um jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem liggur fyrir Alþingi.

Bæjarráð ítrekar sjónarmið Garðabæjar sem fram komu í erindi bæjarstjóra Garðabæjar í samráðsgátt um málið. Bæjarráð áréttar mikilvægi þess að frumvarpið taki breytingum varðandi tillögur um skerðingu framlaga í þeim tilvikum sem sveitarstjórn nýtir sjálfskákvörðunarrétt sinn til ákvörðunar útsvars í samræmi við heimildir í 1.mgr. 23.gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, sbr. einnig 1.mgr. 24.gr. laganna. Leggur bæjarráð áherslu á að það sé á valdi hvernar sveitarstjórnar að ákvarða álagningarhlutfall útsvars innan ákveðinna marka og að sú ákvörðun hafi ekki áhrif á hlutdeild Jöfnunarsjóðs af útsvarsgreiðslum viðkomandi sveitarfélags. Standi frumvarpið óbreytt megi gera ráð fyrir að Garðabær verði þannig þvingaður til hækkunar útsvars.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að gera athugasemdir við framkomuð lagafrumvarp þar sem framangreind sjónarmið Garðabæjar verði áréttuð.

2. 2503163 - Garðatorg 1 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Heimur atvinnuhúsnæði ehf., kt. 590404-2410, leyfi til að breyta innra skipulagi rýmis 01-03 við Garðatorg 1.

3. 2501103 - Heiðarlundur 8 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Einari Þór Steindórssyni, kt. 121183-2429, leyfi fyrir breytingu á innra fyrirkomulagi og útliti húss ásamt byggingu á bilskýli, að Heiðarlundi 8.

4. 2410476 - Hlíðsvegur 1 - Umsókn um byggingarleyfi - mhl.05

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Landnámi ehf., kt. 640295-2529, leyfi fyrir breytingu á þakklæðningu, torfi bættu við og breytingu á björgunaropum, að Hlíðsnesvegi 1.

5. 2410477 - Hlíðsvegur 1 - Umsókn um byggingarleyfi - mhl.02

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Landnámi ehf. ,kt. 640295-2529, leyfi fyrir að breyta utanhússklæðningu og breyta þaki í svalir að Hliðsvegi 1.

6. 2502170 - Lambamýri 5 mhl.06 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Þingvangi ehf., kt. 671106-0750, leyfi til að skipta upp rými og standsetja veitingahús á fyrstu hæð húss að Lambamýri 5.

7. 2501367 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um veitingaleyfi fyrir kaffihús - Bastel, Garðatorgi 1.

Lögð fram umsókn Dúttls ehf. um veitingaleyfi í flokki II - Kaffihús - að Garðatorgi 1. Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi verði veitt.

8. 2501536 - Veggir, girðingar og smáhýsi - minnisblað umhverfissviðs.

Lagt fram minnisblað umhverfissviðs um veggir, girðingar og smáhýsi í Garðabæ, ásamt aðgerðaráætlun þar sem fram kemur að stefnt verði að árlegri könnun og eftirlit í bænum. Á haustmánuðum er stefnt að því gefa út kynningarefni sem miðlað verði á fjölbreyttan og gripandi hátt til bæjarbúa. Þá eru bæjarbúar hvattir til að leita sér upplýsinga hjá Garðabæ áður en hafist er handa við framkvæmdir á lóð.

9. 2504199 - Ósk um lóð fyrir hjúkrunarheimili í Garðabæ.

Lagt fram erindi Vigdísarholts, þar sem óskað er eftir að kannaðir verði möguleikar með lóð fyrir hjúkrunarheimili í Garðabæ. Bæjarráð vísar erindinu til bæjarstjóra.

10. 2501192 - Staða innritunar í leikskólum Garðabæjar.

Minnisblað um stöðu innritunar í leikskóla Garðabæjar fyrir skólaárið 2025-2026 lagt fram. Í minnisblaðinu kemur fram að innrituð hafi verið 235 börn í leikskóla Garðabæjar og 200 flutningsbeiðnir milli skóla hafi verið afgreiddar. Við innritun er höfð til hliðsjóna kennitala, systkinayfirlit og aldursamsetning í leikskólunum. Öllum börnum sem fædd eru í júlí 2024 og eldri var boðin leikskólavist. Næsta innritunarlota verður í maí 2025 og verður leitast við að innrita börn fædd í ágúst og september 2024 þá.

11. 2504114 - Bókun frá 600. fundi stjórnar SSH - Fjárhagsáætlun vatnsvernd og vatnsnýting - uppfærsla

Erindi Samtaka sveitarfélagana á höfuðborgarsvæðinu vegna samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu - fjárhagsáætlun 2025 uppfærsla. Eingöngu er um tilfærslu milli kostnaðarliða í fjárhagsáætlun að ræða. Áætlað framlag Garðabæjar er þannig óbreytt, eða kr. 6.886.749.

12. 2504201 - Fyrirspurn EFS varðandi fjárhagsleg áhrif kjarasamninga.

Lögð fram fyrirspurn eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga þar sem óskað er eftir upplýsingum um hver heildaráhrif kjarasamnings milli Kennarasambands Íslands og sveitarfélaga séu í krónum talið, umfram þær forsendur sem lagðar voru í fjárhagsáætlun. Jafnframt óskaði nefndin eftir upplýsingum um hvort sveitarfélögin ætli að bregðast sérstaklega við þessum kostnaðarauka og með hvaða hætti. Bæjarráð felur bæjarstjóra að svara fyrirspurninni.

13. 2504124 - Aðalfundarboð Landskerfis bókasafna hf. 2025.

Lagt fram aðalfundarboð Landskerfis bókasafna hf., árið 2025, sem haldinn verður þriðjudaginn 6. maí 2025.

14. 2504224 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um stefnur og aðgerðaáætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgöngu og byggðamála, 271. mál, dags. 10. apríl 2025.

Lagt fram.

15. 2504226 - Styrkbeiðni Alþjóða geðheilbrigðisdagsins, dags. 10. apríl 2025.

Bæjarráð vísar erindinu til nánari skoðunar við afgreiðslu styrkja.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 15. apríl 2025 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)

Ingvar Arnarson, (sign)

Guðlaugur Kristmundsson, (sign)

Hlynur Elías Bæringsson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
16. (2164). fundur 2025

Þriðjudaginn 29. apríl 2025 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir varaformaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir varamaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs og Ásta Sigrún Magnúsdóttir samskiptastjóri.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2407142 - Yfirlit yfir kaup á vörum og þjónustu frá stærstu birgjum árið 2024.**
Bæjarstjóri gerði grein fyrir vöru- og þjónustukaupum af stærstu birgja á árinu 2024.
2. **2502528 - Kumlamýri 25 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Má Jóhannssyni, kt. 261187-2729, leyfi fyrir byggingu parhúss að Kumlamýri 25.
3. **2502533 - Kumlamýri 27 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Má Jóhannssyni, kt. 261187-2729, leyfi fyrir byggingu parhúss að Kumlamýri 27.
4. **2503495 - Úrskurður um stjórnsýslukæru Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála nr. 49/2025 um að veita leyfi til jarðvegsframkvæmda að Vorbraut 8-12.**
Lagður fram úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála varðandi kæru á samþykkt bæjarráðs frá 27. ágúst 2024 um að samþykkja að veita leyfi fyrir jarðvegsframkvæmdum vegna bílakjallara að Vorbraut 8-12. Í úrskurðarorði kemur fram að kærumálinu sé vísað frá úrskurðarnefndinni þar sem kærendur hefðu ekki haft lögvarða hagsmuni í málinu.
5. **2503430 - Lausar kennslustofur - verðkönnun.**
Sviðsstjóri umhverfissviðs gerði grein fyrir niðurstöðu verðkönnunar vegna leigu eða kaupa á færanlegum húseiningum fyrir lausar kennslustofur fyrir allt að 60 börn á leikskólastigi. Fyrir liggur tilboð Terra eininga ehf. að fjárhæð kr. 326.114.614, sem skiptist þannig að leiguverð í 24 mánuði eru kr. 114.917.400 og kaupréttur/kaupverð eftir 24 mánuði kr. 211.197.214.
Bæjarráð samþykkir að veita bæjarstjóra heimild til að ganga til samninga við Terra einingar ehf. á grundvelli fyrirbyggjandi tilboðs, þar sem þess verður gætt að samningar verði á grundvelli útsendra forsendna í verðkönnuninni.

6. **2504403 - Kæra Verkvals ehf. til Kærunefndar útboðsmála vegna útboðs Garðabæjar, ástandsmat fráveitu, hreinsun og myndun**
Lögð fram kæra Verkvals ehf. vegna útboðs Garðabæjar, ástandsmat fráveitu, hreinsun og myndun, dags. 22. apríl 2025. Jafnframt er lagt fram minnisblað Juris lögmannsstofu varðandi niðurstöðu útboðsins og framkomna kæru.
Bæjarráð felur Juris lögmannsstofu að gæta hagsmuna bæjarins í málinu.
7. **2405295 - Flataskóli - suðurálma.**
Sviðsstjóri umhverfissviðs fór yfir minnisblað vegna stöðu suðurálmu Flataskóla, þar sem þrír byggingarhlutar hafa staðið lokaðir eftir að mygla og rakaskemmdir greindust.
Þegar valkostir sem fram koma í minnisblöðunum eru metnir samhliða framtíðarnotkun húsnæðisins er talið fýsilegast að fara í niðurrif á húsnæðinu.
Bæjarráð felur umhverfissviði að undirbúa niðurrif suðurálmu Flataskóla.
8. **2504374 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um rekstrarleyfi - Forsetinn - Lambamýri 5.**
Í umsókninni kemur fram að sótt er um leyfi til reksturs Veitingaleyfis í flokki II - C veitingastofu og greiðasölu að Lambamýri 5.
Bæjarráð gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi verði veitt, enda verði hagsmuna nágranna gætt m.t.t. opnunartíma.
9. **2504237 - Styrkumsókn Klúbbsins Geysis.**
Bæjarráð vísar erindinu til afgreiðslu styrkja samkvæmt fjárhagsáætlun 2025.
10. **2504234 - Aðalfundur Betri samgangna 2025.**
Lagt fram aðalfundarboð Betri samgangna ohf. árið 2025, sem haldinn verður miðvikudaginn 30. apríl 2025 í fundarsal A á Iceland Parliament Hótel.
11. **2504224 - Frumvarp til laga um stefnur og aðgerðaáætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgöngu og byggðamála, 271. mál.**
Lagt fram.
12. **2504310 - Frumvarp til laga um breytingar á lögum um leikskóla nr. 90/2008.**
Lagt fram.
13. **2504246 - Frumvarp til laga - Sveitarstjórnarlög (mat á fjárhagslegum áhrifum), 272. mál.**
Lagt fram.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 29. apríl 2025 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)

Guðlaugur Kristmundsson, (sign)

Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
17. (2165). fundur 2025

Þriðjudaginn 6. maí 2025 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir varaformaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Ingvar Arnarson aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs og Ásta Sigrún Magnúsdóttir samskiptastjóri.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2505040 - Skýrslur Veðurstofu Íslands um jarðskjálfta- og náttúruvá á höfuðborgarsvæðinu - kynning.

Á fund bæjarráðs komu Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og framkvæmdastjóri Almanna- og borgarvarnarmála höfuðborgarsvæðisins og Ívar Sveinbjörn Schram sérfræðingur hjá Almanna- og borgarvarnarmála höfuðborgarsvæðisins og kynntu skýrslur Veðurstofu Íslands á hættumati fyrir höfuðborgarsvæðið.

2. 2502043 - Hafnarfjarðarv. Olís b - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Olís ehf., kt. 500269-3249, leyfi til að bæta við kaldri geymslu við Þjónustumiðstöð Olís við Hafnarfjarðarveg. Ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu og starfsemi bensínstöðvar því vikjandi.

3. 2501239 - Kaupún 1 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita BL-Hyundai ehf., kt. 441223-1020, leyfi fyrir áður gerðum breytingum í rými 0101 að Kaupúni 1.

4. 2501238 - Vorbraut 53 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Vorhymu ehf., kt. 561023-1580, leyfi fyrir byggingu raðhúss að Vorbraut 53.

5. 2501237 - Vorbraut 55 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Vorhymu ehf., kt. 561023-1580, leyfi fyrir byggingu raðhúss að Vorbraut 55.

6. 2501236 - Vorbraut 57 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Vorhymu ehf., kt. 561023-1580, leyfi fyrir byggingu raðhúss að Vorbraut 57.

7. 2501235 - Vorbraut 59 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Vorhrynu ehf., kt. 561023-1580, leyfi fyrir byggingu raðhúss að Vorbraut 59.

8. 2501234 - Vorbraut 61 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Vorhrynu ehf., kt. 561023-1580, leyfi fyrir byggingu raðhúss að Vorbraut 61.

9. 2411159 - Afgreiðsla skipulagsnefndar. Hleinar að Langeyrarmölum - Umsókn um deiliskipulagsbreytingu.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 30. apríl 2025 varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Hleina að Langeyrarmölum sem nær til lóðar dvalarheimilisins Hrafnistu Hraunvangur 7 að lokinni auglýsingu.

Breytingin nær aðallega til svæðis innan lögsögu Hafnarfjarðar.

Lagðar fram umsagnir sem borist hafa ásamt tillögu Hafnarfjarðar að svörum við þeim.

Skipulagsnefnd Garðabæjar samþykkti framlögð svör við umsögnum fyrir sitt leyti.

Skipulagsnefnd Garðabæjar samþykkti deiliskipulagsbreytinguna í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

10. 2504130 - Afgreiðsla skipulagsnefndar. Vetrarmýri, dsk breyting, golfskálasvæði.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 30. apríl 2025 varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Vetrarmýrar sem gerir ráð fyrir því að afmörkun deiliskipulagssvæðis breytist þannig að sá hluti svæðisins sem er inni á golfvallarsvæði er felldur út eða það svæði sem deiliskipulag Vetrarmýrar og Smalaholts nær til og er nú í auglýsingu.

Skipulagsnefnd mat tillöguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Vetrarmýrar í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynning var felld niður þar sem að tillagan er í samræmi við tillögu að deiliskipulagi Vetrarmýrar og Hnoðraholts. Tillagan skal hljóta staðfestingu um leið og tillaga að deiliskipulagi Vetrarmýrar og Smalaholts.

11. 2504060 - Afgreiðsla skipulagsnefndar. Smalaholt, óveruleg breyting Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 30. apríl 2025 varðandi tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar, rammahluta Vífilsstaðalands sem gerir ráð fyrir breytingu á afmörkun landnotkunarreitsins 4.10 Íþ til samræmis við tillögu að deiliskipulagi Vetrarmýrar og Smalaholts sem nú er í auglýsingu.

Skipulagsnefnd lagði til að tillagan hlyti meðferð sem óveruleg aðalskipulagsbreyting í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og skyldi senda hana Skipulagsstofnun til afgreiðslu en þess sé gætt að hún sé ekki staðfest fyrr en að lokinni samþykkt deiliskipulags Vetrarmýrar og Smalaholts.

12. 2502084 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Gilsbúð 9 (Sómi) stækkun byggingareits - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 30. apríl 2025 varðandi fyrirspurn um útfærslu iðnaðarbyggingar sem kallar á stækkun byggingarreits á baklóð sem nær yfir kvöð um holræsi með fram lóðarmörkum.

Skipulagsnefnd gerði ekki athugasemd við að skipulagsstjóri vísaði tillögu þess efnis til

grenndarkynningar sem óverulegri deiliskipulagsbreytingu og felli um leið niður kvöð um holræsi ef tillagan nær fram að ganga, enda hefur holræsi verið lagt í götu við Gilsbúð en ekki þar sem kvöðin nær til.

13. 2501543 - Ástandsmat fráveitu, hreinsun og myndun lagna.

Við mat á hæfiskröfum við val á tilboði skv. 66.gr. laga um opinber innkaup nr. 120-2016, kom í ljós að lögstjóðandi uppfyllti ekki hæfisskilyrði útboðsins. Næstlægst bjóðandi var Aval ehf. með tilboð að fjárhæð kr. 25.910.966.

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði næst lögstjóðanda Aval ehf. Samþykktin er með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er sviðsstjóra umhverfissviðs falin afgreiðsla málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 þarf að liða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

14. 2503352 - Opnun tilboða í verkefnið endurnýjun gervigrass á Álftanesvelli.

Eftirfarandi tilboð bást í útboðsverkið "Garðabær - Álftanesvöllurinn - Endurnýjun gervigrass":

Altis ehf. (4 tilboð): kr. 88.845.006, kr. 98.364.630, kr. 103.403.116 og kr. 112.922.740.

Metatron ehf. (3 tilboð): kr. 102.269.600, kr. 112.079.600 og kr. 119.927.600.

Laidierz (dansk lagningarfyrirtæki - 2 tilboð): kr. 122.799.474 og kr. 134.014.266.

Kostnaðaráætlun var kr. 116.595.000.

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lögstjóðanda Altis ehf. að fjárhæð kr. 88.845.006. Samþykktin er með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er sviðsstjóra umhverfissviðs falin afgreiðsla málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 þarf að liða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

15. 2504455 - Ársreikningur Heilbrigðiseftirlitsins 2024

Lagður fram.

16. 2504499 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, 270. mál, dags. 29. apríl.

Lagt fram frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, 270. mál, sem er sent til umsagnar. Umsagnarfrestur til umhverfis- og samgöngunefndar er til 13. maí 2025.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að koma á framfæri athugasemdum Garðabæjar við framkomið lagafrumvarp þar sem áréttuð verði sjónarmið Garðabæjar í áður innsendum athugasemdum.

17. 2407142 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2025 - úthlutun styrkja.

Bæjarráð samþykkir eftirfarandi tillögu um úthlutun styrkja:

Garðálfar - kór eldri borgara á Álftanesi kr. 450.000.-

Garðakórinn kr. 500.000.-
Bjarkarhlíð - miðstöð fyrir þolendur ofbeldis kr. 800.000.-
Samtök um kvennaathvarf kr. 800.000.-
Stigamót kr. 800.000.-
Örninn - minningar- og styrktarsjóður kr. 800.000.-
Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins kr. 100.000.-
Kvennaráðgjöfin kr. 250.000.-
Lionsklúbburinn Eik kr. 500.000.-
Kiwanisklúbburinn Setberg kr. 500.000.-

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 6. maí 2025 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)

Ingvar Arnarson, (sign)

Guðlaugur Kristmundsson, (sign)

Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
18. (2166). fundur 2025

Þriðjudaginn 13. maí 2025 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir aðalmaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Ingvar Arnarson aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs og Ásta Sigrún Magnúsdóttir samskiptastjóri.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2408525 - Ársreikningur Garðabæjar 2024 - endurskoðunarskýrsla

Lúðvík Hjalti Jónsson fjármálastjóri gerði grein fyrir skýrslu endurskoðenda varðandi ársreikning Garðabæjar fyrir árið 2024. Í skýrslunni er gerð grein fyrir framkvæmd endurskoðunar, helstu áherslum, niðurstöðum og öðrum mikilvægum atriðum.

2. 2502527 - Steinprýði 2 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Hörpu Helgadóttur, kt. 060573-4849, leyfi fyrir byggingu á einbýlishúsi að Steinprýði 2.

3. 2505074 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Breiðamýri - Deiliskipulagsbreyting

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 8. maí 2025 vegna tillögu að breytingu deiliskipulags Breiðumýrar sem gerir ráð fyrir aðkomu og bílastæðum norðan við Lambamýri 1 til þess að bæta aðgengi að fyrirhuguðum fjölnota sal á jarðhæð.

Skipulagsnefnd mat tillöguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Breiðumýrar í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga og vísar henni til grenndarkynningar í samræmi við 44. gr. sömu laga. Grenndarkynna skal eigendum eigna við Lambamýri.

4. 2505076 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Gásamýri 2-28 - Fyrirspurn til umhverfissviðs

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 8. maí 2025 varðandi fyrirspurn lóðarhafa um útfærslu á þakgerð einnar hæða raðhúsa, ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar.

Skipulagsnefnd telur að útfærslan samræmist markmiði deiliskipulagsins og gerir ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verið vikið frá kröfum 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sbr. 3. mgr. sömu greinar hvað þá útfærslu varðar sem fylgir fyrirspurn.

5. 1405080 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Móar, endurskoðað deiliskipulag

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 8. maí 2025 varðandi tillögu að deiliskipulagi Móa ásamt skýrslu Eflu um umferðarmál innan svæðisins. Tillagan gerir ráð fyrir því að gatan Hrísmóar verði lokuð framan við Hrísmóa 13 að vestanverðu og framan við Hrísmóa 3 að austanverðu. Ný tenging komi frá Bæjarbraut norðan við Garðatorg 2 og þar yrði aðkoma að Miðbæ og að Hrísmóum 1, 6, 8 og 10. Skipulagsnefnd vísar tillögunni til forkynningar í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Boða skal til almenns kynningarfundar á meðan á forkynningu stendur og er stefnt að því að hann verði haldinn í maimánuði. Skipulagsnefnd fól umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum að útfæra vöruaðkomu norðan við Garðatorg 1 með ítarlegri hætti en tillagan gerir ráð fyrir og með áherslu á öryggi vegfarenda.

6. 2406836 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Miðbær, svæði I og II, Garðatorg 1, deiliskipulagsbreyting.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 8. maí 2025 varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Miðbæjar sem gerir ráð fyrir byggingarreit fyrir 6 hæða fjölbýlishúsi á lóðinni Garðatorg 1 og breyttri útfærslu á byggingarreit á lóð H, við austurenda yfirbyggðrar göngugötu, ásamt byggingarreit ofan á fremri hluta núverandi húss við Garðatorg 1, sem snýr út að torgi. Tillagan er unnin að hálfu fasteignafélagsins Heima sem er lóðarhafi Garðatorgs 1. Skipulagsnefnd vísar tillögunni til forkynningar í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Boða skal til almenns kynningarfundar á meðan á forkynningu stendur og er stefnt að því að hann verði haldinn maimánuði. Skipulagsnefnd fól umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum að útfæra vöruaðkomu norðan við Garðatorg 1 með ítarlegri hætti en tillagan gerir ráð fyrir og með áherslu á öryggi vegfarenda.

7. 2504479 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Markarflöt 41 - Deiliskipulagsbreyting Flata

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 8. maí 2025 varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Flata sem nær til einbýlishúslóðarinnar Markarflatar 41. Tillagan gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits um 1,7 m til austurs á um 8 metra kafla vegna fyrirhugaðrar viðbyggingar. Skipulagsnefnd mat tillöguna sem óverulega breytingu deiliskiplags Flata í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísaði henni til grenndarkynningar í samræmi við 44. gr. sömu laga. Grenndarkynna skal eigendum Markarflatar 39, 43, 45 og 47.

8. 2410218 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Móafllöt 51 - Dsk. br. Flata

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 8. maí 2025 varðandi fyrirspurn um útfærslu á viðbyggingu við endaraðhús að Móafllöt 51. Skipulagsnefnd mat útfærsluna sem óverulega breytingu deiliskipulags Flata í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísar henni til grenndarkynningar í samræmi við 44. gr. sömu laga. Grenndarkynna skal eigendum raðhúslengjanna Móafllatar 29-39, Móafllatar 41-51 og Móafllatar 53-59.

9. 2503226 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Hnoðraholt Norður, dsk breyting, austurhluti Vorbrautar.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 30. apríl 2025 varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Hnoðrahólts norðurs sem gerir ráð fyrir því að afmörkun deiliskipulagssvæðis breytist þannig að austasti hluti Vorbrautar verður felldur út eða það svæði sem deiliskipulag Vetrarmýrar og Smalahólts nær til og er nú í

auglýsingu.

Skipulagsnefnd mat tillöguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Hnoðrahólts norður í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynning er felld niður þar sem að tillagan er í samræmi við tillögu að deiliskipulagi Vetrarmýrar og Hnoðrahólts norður. Tillagan skal hljóta staðfestingu um leið og tillaga að deiliskipulagi Vetrarmýrar og Smalahólts.

10. 2505078 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Þorraholt 2-4, br dsk Hnoðrah Norður.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 8. maí 2025 varðandi breytingu deiliskipulags Hnoðrahólts norður sem gerir ráð fyrir hækkun hámarkshæðar verslunar og þjónustulóðarinnar Þorraholt 2-4 um 38 cm, úr 78 mys. í 78,38 mys. Gerð var grein fyrir ástæðum þess að sótt er um hækkun.

Skipulagsnefnd mat tillöguna sem fylgdi umsókn sem óverulega breytingu deiliskipulags Hnoðrahólts norður í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísar henni til grenndarkynningar í samræmi við 44. gr. sömu laga.

Grenndarkynna skal eigendum Þorrahólts 1, Þorrahólts 5-9, Þorraholt 6, Úthólts 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8, 9, 10, 11, 13, 15, 17, 19, 21 og 23.

11. 2504499 - Frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, 270. mál. - Athugasemdir Garðabæjar við framkomið lagafrumvarp.

Bæjarstjóri kynnti drög að athugasemdum Garðabæjar við framkomið lagafrumvarp sem send verða Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, sem hefur málið til meðferðar.

Í athugasemdunum eru áréttuð sjónarmið Garðabæjar í áður innsendum athugasemdum, ásamt viðbótargögnum.

12. 2505165 - Tilkynning frá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála um stjórnarsýslukæru nr. 72/2025. Hnoðraholt norður, dags. 8. maí 2025.

Lögð fram kæra lóðarhafa Skerpluhólts 7, Skerpluhólts 5, Skerpluhólts 1 og Skerpluhólts 3 til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vegna breytinga á deiliskipulagi, samþykkt byggingaráforma og útgáfu byggingarleyfis og kröfu um stöðvun framkvæmda vegna Vorbrautar 8-12 og 14.

Bæjarráð felur Hjálta Steinþórssyni lögmanni að gæta hagsmuna bæjarins í málinu.

13. 2503150 - Stefna í málefnum eldri borgara - Aðgerðaráætlun 2025 -2026

Sviðsstjóri velferðarsviðs kynnti lokadrög aðgerðaráætlunar í málefnum eldra fólks 2025-2026. Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að staðfesta stefnu Garðabæjar í málefnum eldri borgara - Aðgerðaráætlun 2025-2026.

14. 2301003 - Gott að eldast - Efling og þróun dagdvala á landsvísu - Skýrsla starfshóps - Mars 2025

Sviðsstjóri velferðarsviðs kynnti skýrslu starfshóps félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins varðandi eflingu og þróun dagdvala á landsvísu.

Bæjarráð áréttar bókun Öldungaráðs Garðabæjar frá 9. desember 2024 vegna tíu samþykktra dvalarrýma Ísafoldar, þar sem öldungaráð lagði áherslu á að mikilvægt væri að samningar náist sem fyrst þannig að unnt sé að taka viðbótarrymin í notkun og styðja á þann hátt við dagdvalarþjónustu eldri borgara í Garðabæ.

15. 2505119 - Bréf Kvenfélags Garðabæjar varðandi trjálund við Álftanesveg, dags. 7. maí 2025.

Lagt fram erindi Kvenfélags Garðabæjar varðandi ósk kvenfélagsins að aðkoma að trjálundi við Álftanesveg og aðkoma að svæðinu verði tryggð, auk þess sem komið verði upp fræðsluskilti til að greina nánar frá aðkomu Kvenfélags Garðabæjar að ræktun svæðisins í máli og myndum. Bæjarráð vísar erindinu til afgreiðslu bæjarstjóra.

16. 2505166 - Tilkynning umhverfis-, orku og lofslagsráðuneytisins um samgönguviku 2025.

Lagt fram erindi Umhverfis- orku og lofslagsráðuneytisins vegna evrópskrar samgönguviku sem haldin verður dagana 16.-22. september 2025.

17. 2505171 - Tilkynning Náttúruhamfaratryggingar Íslands um boð á ársfund NTÍ 22. maí.

Lagt fram ársfundarboð Náttúruhamfaratrygginga Íslands, sem haldinn verður fimmtudaginn 22. maí 2025.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 13. maí 2025 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)

Ingvar Arnarson, (sign)

Guðlaugur Kristmundsson, (sign)

Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)

Leikskólanefnd Garðabæjar
30. fundur 2025

Fimmtudaginn 10. apríl 2025 kl. 08:00 kom leikskólanefnd Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Margrét Bjarnadóttir formaður, Inga Rós Reynisdóttir aðalmaður, Rakel Norðfjörð Vilhjálmisdóttir aðalmaður, Maria Eugenia Aleman Henriquez varamaður, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Hanna Halldóra Leifsdóttir leikskólafulltrúi, Jónína Guðrún Brynjólfssdóttir fulltrúi leikskólastjóra, Agnes Ólöf Pétursdóttir fulltrúi starfsmanna og Árdís Ethel Hrafnisdóttir fulltrúi foreldra.

Fundargerð ritaði: Hanna Halldóra Leifsdóttir, leikskólafulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2503321 - Beiðni um tilfærslu á starfsdegi

Leikskólanefnd tók fyrir beiðni um flutning á starfsdegi fyrir leikskólann Sjáland og var hún samþykkt.

2. 2503483 - Beiðni um tilfærslu á starfsdegi

Leikskólanefnd tók fyrir beiðni um flutning á starfsdegi fyrir Heilsuleikskólann Holtakot og var hún samþykkt.

3. 2401599 - Skóladagatal leik- og grunnskóla 2025-2026

Leikskóladagatal fyrir skólaárið 2025-2026 var aftur lagt til samþykkar. Lagðar voru til breytingar um að færa starfsdag 31. október til 7. nóvember. Leikskólanefnd samþykkti þessar breytingar.

4. 2412377 - Útboð skólamáltíða 2025 í grunn- og leikskólum

Guðbjörg Linda Udengard sviðsstjóri Fræðslu- og frístundasviðs kynnti fyrirhugað útboð á skólamat fyrir leik- og grunnskóla í Garðabæ.

5. 2503593 - Þróunarsjóður leikskóla - umsókn

Leikskólanefnd þakkar fyrir góða umsókn og kynningu og samþykkir að veita verkefninu Agastjórnun í krefjandi umhverfi, styrk úr Þróunarsjóði leikskóla að upphæð 1.005.000 kr.

6. 2503578 - Þróunarsjóður leikskóla - umsókn

Margar góðar umsóknir bárust í Þróunarsjóð og óskir um fjármagn hærra en til er í sjóðinum. Ekki var því hægt að úthluta fjármagni til allra verkefna. Leikskólanefnd er ánægð með fjölgun umsókna og hvetur til þess, að verkefni sem ekki fá fjármagn að þessu sinni verði aftur send inn að ári. Umsóknin Samtal um foreldrafærni, fær ekki styrk að þessu sinni.

7. 2503565 - Þróunarsjóður leikskóla - umsókn

Margar góðar umsóknir bárust í Þróunarsjóð og óskir um fjármagn herra en til er í sjóðinum. Ekki var því hægt að úthluta fjármagni til allra verkefna. Leikskólanefnd er ánægð með fjölgun verkefna og hvetur til þess, að verkefni sem ekki fá fjármagn að þessu sinni verði aftur send inn að ári. Umsóknin Stærðfræði, listir og sköpun fær ekki styrk að þessu sinni.

8. 2503597 - Þróunarsjóður leikskóla - umsókn

Leikskólanefnd þakkar fyrir góða umsókn og kynningu og samþykkir að veita verkefninu Jóga og samkennd, styrk úr Þróunarsjóði leikskóla að upphæð 1.122.000 kr.

9. 2504001 - Þróunarsjóður leikskóla - umsókn

Leikskólanefnd þakkar fyrir góða umsókn og samþykkir að veita verkefninu Markviss málörvun með borðspilum, styrk úr Þróunarsjóði leikskóla að upphæð 487.900.- krónur.

10. 2503607 - Þróunarsjóður leikskóla - umsókn

Leikskólanefnd þakkar fyrir góða umsókn og kynningu og samþykkir að veita verkefninu TRAS- verkfærakista, styrk úr Þróunarsjóði leikskóla að upphæð 1.635.500 kr.

11. 2503608 - Þróunarsjóður leikskóla - umsókn

Margar góðar umsóknir bárust í Þróunarsjóð og óskir um fjármagn herra en til er í sjóðinum. Ekki var því hægt að úthluta fjármagni til allra verkefna. Leikskólanefnd er ánægð með fjölgun umsókna og hvetur til þess, að verkefni sem ekki fá fjármagn að þessu sinni verði aftur send inn að ári. Umsóknin ART á leikskólastigi Urriðaholtsskóla, fær ekki styrk að þessu sinni.

12. 2503563 - Þróunarsjóður leikskóla - umsókn

Leikskólanefnd sá sér ekki fært að taka umsóknina til umfjöllunar þar sem ekki liggur fyrir samþykki fyrir skógarhúsi og útikennslusvæði við Urriðavatn.

13. 2503563 - Þróunarsjóður leikskóla - umsókn

Leikskólanefnd þakkar fyrir góða umsókn og samþykkir að veita verkefninu Leiðsögn og málörvun, styrk úr Þróunarsjóði leikskóla að upphæð 1.200.000.- krónur.

14. 2503611 - Þróunarsjóður leikskóla - umsókn

Leikskólanefnd þakkar fyrir góða umsókn og kynningu og samþykkir að veita verkefninu Drullueldhús- sjálfsprottin leikur í náttúru, styrk úr Þróunarsjóði leikskóla að upphæð 692.000.- krónur.

15. 2504013 - Þróunarsjóður leikskóla - umsókn

Leikskólanefnd þakkar fyrir góða umsókn og kynningu og samþykkir að veita verkefninu Fjölhæfnistundir- lykill að gleði, styrk úr Þróunarsjóði leikskóla að upphæð 1.053.000.- krónur.

16. 2504206 - Þróunarsjóður leikskóla - umsókn

Leikskólanefnd þakkar fyrir góða umsókn og samþykkir að veita verkefninu Hæglátt leikskólastarf, styrk úr Þróunarsjóði leikskóla að upphæð 1.804.600.- krónur.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar
65. fundur 2025

Þriðjudaginn 13. maí 2025 kl. 08:30 kom menningar- og safnanefnd Garðabæjar saman til fundar í Hönnunarsafni við Garðatorg.

Fundinn sátu: Guðfinnur Sigurvinsson formaður, Guðrún Arna Sturludóttir aðalmaður, Torfi Geir Símonarson aðalmaður, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Arnar Hólm Einarsson aðalmaður og Ólöf Hulda Breiðfjörð menningarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Ólöf Breiðfjörð, menningarfulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2504150 - Jazzþorpið í Garðabæ 2025

Rætt um framkvæmd Jazzþorpsins. Mikil ánægja með hátíðina.

2. 2505178 - Gróska ársskýrsla og ársreikningur 2024

Lagt fyrir og kynnt.

3. 2505179 - Ársskýrsla Bókasafns Garðabæjar 2024

Lagt fyrir fund.

4. 2505180 - Úthlutun úr hvatningarsjóði fyrir unga hönnuði og listamenn

Styrkumsóknir afgreiddar. 11 styrkir veittir ungum listamönnum og hönnuðum í Garðabæ.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks
2. fundur 2025

Fimmtudaginn 8. maí 2025 kl. 08:30 kom samráðshópur um málefni fatlaðs fólks saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Kristín Einarsdóttir formaður, Sveinbjörn Halldórsson aðalmaður, Hjördís Guðný Guðmundsdóttir aðalmaður, Bergþóra Bergsdóttir aðalmaður, Elín Hoe Hinriksdóttir aðalmaður, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs og Pála Marie Einarsdóttir deildarstjóri.

Fundargerð ritaði: Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2209275 - Þjónustukönnun meðal fatlaðs fólks í Garðabæ

Þjónustukönnun á þjónustu til fatlaðs fólks í Garðabæ lögð fram til kynningar. Hulda Hauksdóttir, deildarstjóri þjónustu og stafrænnar þróunar fór yfir niðurstöður könnunar. Næstu skref eru að kalla til aðila í rýnihóp og vinna með niðurstöður könnunarinnar með það markmið að efla heildstæða þjónustu til fatlaðs fólks í Garðabæ. Samráðshópur vill lýsa ánægju sinni með framkvæmd könnunarinnar.

2. 2403006 - Frumkvæðisathugun á reglum sveitarfélaga um stoð- og stuðningsþjónustu

Kynning á niðurstöðum frumkvæðisathugunar. Garðabær uppfyllir allar reglur um stoð- og stuðningsþjónustu nema reglur um frístundaþjónustu, sem eru í vinnslu innan velferðarsviðs og fræðslu og frístundasviðs.

3. 2409233 - Frumkvæðisathugun á akstursþjónustu fyrir fatlað fólk og eldra fólk á landsvísu.

Kynning á niðurstöðum frumkvæðisathugunar á akstursþjónustu fyrir fatlað fólk og eldra fólk á landsvísu. Engar athugasemdir bárust tengdar þjónustu Garðabæjar.

4. 2209275 - Tillaga um myndun rýnihópa varðandi þjónustu við fatlað fólk

Sviðsstjóri velferðarsviðs og deildarstjóri stoðþjónustu kynna stöðu verkefnis, en stefnt er að því að vinna með rýnihópum fari af stað um miðjan maí 2025.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Skipulagsnefnd Garðabæjar
7. fundur 2025

Miðvikudaginn 30. apríl 2025 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Kjartan Vilhjálmsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Hlynur Elías Bæringsson aðalmaður, Rakel Steinberg Sölvadóttir varaáheyrnarfulltrúi, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs og Hrönn Hafliðadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri.

Formaður skipulagsnefndar lagði til að einu máli sem var ekki í fundarboði yrði bætt við á dagskrá fundarins. Það er fundarliður nr. 14. Samþykkt.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2406836 - Miðbær, svæði I og II, Garðatorg 1, deiliskipulagsbreyting.

Freyr Frostason og Klara Sól Ágústsdóttir arkitektar hjá THG, ásamt Bjarka Páli Eysteinessyni gerðu grein fyrir tillögu að breytingu deiliskipulags Miðbæjar Garðabæjar fyrir hönd fasteignafélagsins Heima.

Tillögu vísað til úrvinnslu hjá THG, Heimum og Umhverfissviði.

2. 2411158 - Hrauntunga, breyting á deiliskipulagi Garðahrauns.

Þráinn Hauksson landslagsarkitekt hjá Landslagi kynnti fyrir hönd lóðarhafa tillögu að breytingu deiliskipulags Garðahrauns sem gerir ráð fyrir einbýlishúsabyggð á landi Hrauntungu við Garðahraunsveg (Gamla Álfanesveg).

Vísað til úrvinnslu hjá lóðarhafa, ráðgjafa og Umhverfissviði.

Baldur Ó. Svavarsson vók af fundi undir þessum lið.

3. 2504060 - Smalaholt, óveruleg breyting Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030

Lögð fram tillaga að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar, rammahluta Vífilsstaðalands sem gerir ráð fyrir breytingu á afmörkun landnotkunarreitsins 4.10 Íþ til samræmis við tillögu að deiliskipulagi Vetrarmýrar og Smalaholts sem nú er í auglýsingu.

Skipulagsnefnd leggur til að tillagan hljóti meðferð sem óveruleg aðalskipulagsbreyting í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og skal senda hana Skipulagsstofnun til afgreiðslu en þess sé gætt að hún sé ekki staðfest fyrr en að lokinni samþykkt deiliskipulags Vetrarmýrar og Smalaholts.

4. 2503226 - Hnoðraholt Norður, dsk breyting, austurhluti Vorbrautar.

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Hnoðrahólts norðurs sem gerir ráð fyrir því að afmörkun deiliskipulagssvæðis breytist þannig að austasti hluti Vorbrautar verður felldur út eða það svæði sem deiliskipulag Vetrarmýrar og Smalaholts nær til og er nú í auglýsingu.

Skipulagsnefnd metur tillöguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Hnoðrahólts norður í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynning er felld niður þar sem að tillagan er í samræmi við tillögu að deiliskipulagi Vetrarmýrar og Hnoðrahólts norður.

Tillagan skal hljóta staðfestingu um leið og tillaga að deiliskipulagi Vetrarmýrar og Smalaholts.

5. 2504130 - Vetrarmýri, dsk breyting, golfskálasvæði.

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Vetrarmýrar sem gerir ráð fyrir því að afmörkun deiliskipulagssvæðis breytist þannig að sá hluti svæðisins sem er inni á golfvallarsvæði er felldur út eða það svæði sem deiliskipulag Vetrarmýrar og Smalaholts nær til og er nú í auglýsingu.

Skipulagsnefnd metur tillöguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Vetrarmýrar í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynning er felld niður þar sem að tillagan er í samræmi við tillögu að deiliskipulagi Vetrarmýrar og Hnoðraholts. Tillagan skal hljóta staðfestingu um leið og tillaga að deiliskipulagi Vetrarmýrar og Smalaholts.

6. 2412118 - Garðprýði 4 - hækkun á vegg - Fyrirspurn til tækni- og umhverfisviðs

Lögð fram fyrirspurn um útfærslu byggingar sem gerir ráð fyrir hámarkshæð húss með flötu þaki sé 7,2 m.

Skipulagsnefnd fellst ekki á að breyta ákvæðum deiliskipulags með þeim hætti að veggshæð húss sé 7,2 metrar á allar hliðar í stað 6,5 m, jafnvel þó að ein hlið geti verið allt að 8,5 m. Nefndin telur það vera frekar í anda deiliskipulagsins ef þakflötur sé annað hvort hallandi eða uppbrotinn.

7. 2502084 - Gilsbúð 9 (Sómi) stækkun byggingareits - Fyrirspurn til tækni- og umhverfisviðs

Lögð fram fyrirspurn um útfærslu iðnaðarbyggingar sem kallar á stækkun byggingarreits á baklóð sem nær yfir kvöð um holræsi með fram lóðarmörkum.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að skipulagsstjóri vísi tillögu þess efnis til grenndarkynningar sem óverulegri deiliskipulagsbreytingu og felli um leið niður kvöð um holræsi ef tillagan nær fram að ganga, enda hefur holræsi verið lagt í götu við Gilsbúð en ekki þar sem kvöðin nær til.

Baldur Ó. Svavarsson vék af fundi undir þessum lið.

8. 2411159 - Hleinar að Langeyrarmölum - Umsókn um deiliskipulagsbreytingu.

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Hleina að Langeyrarmölum sem nær til lóðar dvalarheimilisins Hrafnistu Hraunvangur 7 að lokinni auglýsingu.

Breytingin nær aðallega til svæðis innan lögsögu Hafnarfjarðar.

Lagðar fram umsagnir sem borist hafa ásamt tillögu Hafnarfjarðar að svörum við þeim.

Skipulagsnefnd Garðabæjar samþykkir framlögð svör við umsögnum fyrir sitt leyti.

Skipulagsnefnd Garðabæjar samþykkir deiliskipulagsbreytinguna í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

9. 2504222 - Reykjavík - Ask. br. á opnum svæðum í Hólmsheiði og austanverðum Úlfarsárdal (OP15, OP28)

Lögð fram tillaga að breytingu Aðalskipulags Reykjavíkur sem gerir ráð fyrir ákvæðum um stakstað hús á opnum svæðum.

Skipulagsnefnd Garðabæjar gerir ekki athugasemd við tillöguna.

10. 2504411 - Deiliskipulag fyrir Hamarshöfn, nr. 0530/2025 - ósk um umsögn

Skipulagsnefnd Garðabæjar gerir ekki athugasemd við tillöguna.

11. 2504075 - Breyting á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 - 2025 vegna breyttrar landnotkunar Hrauns vestur, nr. 0723/2024

Tillögu vísað til umsagnar hjá Umhverfissviði.

12. 2409092 - Ask.Rvk 2040 - Íbúðaruppbygging í grónum hverfum - Frekari uppbyggingarmöguleikar í Grafarvogi og öðrum borgarhlutum

Skipulagsnefnd Garðabæjar gerir ekki athugasemd við tillöguna.

14. 2202488 - Deiliskipulag Vetrarmýrar og Smalaholts. Golfvöllur og útivistarskógur.

Umsagnafrestur framlengdur

Vegna tæknilegra örðugleika í skipulagsgátt bárust beiðnir til umsagnaraðila ekki með réttum hætti. Samkvæmt ráðleggingu Skipulagsstofnunar fellst skipulagsnefnd Garðabæjar á að framlengja frest til að gera athugasemdir og veita umsagnir um 3 vikur, eða til og með 9. júní næstkomandi.

13. 2503045F - Afgreiðslufundur skipulagsstjóra - 4

Fundargerð lögð fram.

13.1 2411076 - Brekkuskógar 3 - tilkynning um framkvæmdir undanþegnar byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lögð fram tilkynning um framkvæmd sem er undanþegin byggingarleyfi sbr.gr 2.3.5 í byggingarreglugerð nr 112/2012.

Gert er ráð fyrir smáhýsi 14 m² að flatarmáli sem verður 1,1 m frá lóðarmörkum að opnu svæði norðan við íbúðarhús. Runnagróður er milli smáhýsis og lóðarmarka.

Fyrir hönd Garðabæjar samþykkir skipulagsstjóri staðsetningu smáhýsis sem er 1,1 m frá lóðarmörkum að landi Garðabæjar.

13.2 2503182 - Sviðholtsvör 9 - Deiliskipulags breyting

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lögð fram umsókn um breytingu á deiliskipulagi Vara á Álftanesi. Breytingin gerir ráð fyrir því að byggingarreitur stækkar um 30 m² í suðausturhorni lóðar, sem nær að lóðarmörkum.

Skipulagsstjóri metur tillöguna sem óverulega breytingu á deiliskipulagi Vara á Álftanesi í samræmi við 2. mgr. 43. gr skipulagslaga og vísar henni í grenndarkynningu í samræmi við 44. gr sömu laga.

Grenndarkynna skal eigendum Sviðholtsvarar 3, 5 og 7 sem og Efstakot 2 og 4.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.1182/2022.

13.3 2412083 - Víðiholt 22 - girðing - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lögð fram fyrirspurn um girðingu á lóðarmörkum að opnu svæði og smáhýsi sem einnig er staðsett við lóðarmörk í norðurhorni lóðar.

Hæð girðingar er ekki að fullu í samræmi við deiliskipulag en í samræmi við almenna samþykkt Garðabæjar um veggi og girðingar.

Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við hæð skjólveggjar á milli lóða parhússins enda

liggur fyrir samþykki eiganda meðeigenda parhússins.
Skipulagsstjóri lítur svo á að ákvæði um hæð girðinga sem nær til raðhúslóðanna Víðiholt 5-13 eigi við um umrædda lóð vegna nálægðar við djúpgáma og aðkomugötu, þ.e. geti verið 1,5 á hæð.
Smáhýsi er 13,9 m² að flatarmáli og hæð þess 2,4 m og er það innan þeirra marka sem byggingarreglugerð kveður á í grein 2.3.5. um stærð og hæð smáhýsa.
Skipulagsstjóri samþykkir fyrir hönd Garðabæjar staðsetningu smáhýsis við lóðarmörk enda er djúpgámasvæði staðsett nálægt lóðarmörkum á þessum stað.
Með vísan í deiliskipulag skulu aðaluppdrættir uppfærðir með tilliti til ofangreindrar útfærslu (lóðaruppdráttur).

13.4 2502244 - Gásamýri 17 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lagðir fram uppdættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi, ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar.
Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis sem er í samræmi við framlagða uppdætti.

13.5 2503021 - Kumlamýri 17-27 - Fyrirspurn til umhverfissviðs

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Fyrirspurn vísað til umsagnar hjá deiliskipulagshöfundi.

13.6 2502528 - Kumlamýri 25 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lagðir fram uppdættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi, ásamt umsögn skipulagshöfundar. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis sem er í samræmi við framlagða uppdætti hvað byggingu varðar. Athuga þarf betur fyrirspurn um frágang lóðar. Ennþá liggja ekki fyrir breytt lóðablöð í kjölfar deiliskipulagsbreytingar.

13.7 2502533 - Kumlamýri 27 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lagðir fram uppdættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi, ásamt umsögn skipulagshöfundar. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis sem er í samræmi við framlagða uppdætti hvað byggingu varðar. Athuga þarf betur fyrirspurn um frágang lóðar. Ennþá liggja ekki fyrir breytt lóðablöð í kjölfar deiliskipulagsbreytingar.

13.8 2503200 - Garðprýði 2 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Með vísan í umsögn deiliskipulagshöfundar gerir skipulagsstjóri ekki athugasemd við

uppdrætti sem fylgja byggingarleyfi hvað byggingu varðar.
Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við að steipt girðing á lóðarmörkum verði allt að 1,8 m á hæð vegna álags frá umferð á þessum stað. Æskilegra er að veggflötur girðingar sé inndreginn með hæfilegu millibili með gróðri í innskotum til að bæta ásýnd.

13.9 2502527 - Steinprýði 2 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lagðir fram uppdrættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi fyrir Steinprýði 2, ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við framlagða uppdrætti á grundvelli skipulagsskilmála.

13.10 2502536 - Steinprýði 6 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lagðir fram uppdrættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi, ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar.
Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis sem er í samræmi við framlagða uppdrætti.

13.11 2503139 - Hegrans 29 - breyting á svölum - Fyrirspurn til umhverfissviðs

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lögð fram umsókn um breytingu á deiliskipulagi Arnarness. Breytingin gerir ráð fyrir því að byggingarreitur lóðarinnar Hegrans 29 stækkar til suðvesturs.
Skipulagsstjóri metur tillöguna sem óverulega breytingu á deiliskipulagi Arnarness í samræmi við 2. mgr. 43. gr skipulagslaga og vísar henni í grenndarkynningu í samræmi við 44. gr sömu laga.
Grenndarkynna skal eigendum Hegrans 24, 26, 28, 27, 31 og 33.
Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.1182/2022.

13.12 2502376 - Stekkholt 2 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lagðir fram aðaluppdrættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar.
Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemdir við uppdrætti enda eru þeir í samræmi við deiliskipulag.

13.13 2503260 - Útholt 10 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lagðir fram aðaluppdrættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar. Skyggni yfir inngangi (svalir) ná út fyrir þau mörk sem deiliskipuag setur.

Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verið vikið frá kröfum 2.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr.123/2010 sbr. 3.mgr.sömu greinar hvað útfærslu á ofangreindu skyggni varðar enda er hér um ágæt stílbrögð arkitekts að ræða.
Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.1182/2022.

13.14 2502149 - Vorbraut 3 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lagðir fram uppdráttir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi, ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar.
Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis sem er í samræmi við framlagða uppdrátti.

13.15 2502253 - Vorbraut 8 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lagðir fram uppdráttir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi við Vorbraut 8-10, ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis sem er í samræmi við framlagða uppdrátti hvað byggingu varðar.

13.16 2501473 - Vorbraut 14 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lagðir fram uppdráttir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi, ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar.
Útfærsla vikur lítilla frá ákvæðum deiliskipulags hvað uppbrot varðar en útfærslan er góð og nær markmiði deiliskipulagsins hvað yfirbragð varðar.
Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við útfærslu útveggja og að við að við veitingu byggingarleyfis verið vikið frá kröfum 2.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr.123/2010 sbr. 3.mgr.sömu greinar hvað kröfur um uppbrot úthliða varðar.
Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.1182/2022.

13.17 2502558 - Vorbraut 21 - Umsókn um byggingarleyfi -

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lagðir fram aðaluppdráttir raðhúslengunar Vorbraut 21-27 sem fylgja umsókn um byggingarleyfi ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar.
Gólfkótar vikja lítilla frá kótum á hæðablaði en heildarhæð húss er vel innan marka ákvæða deiliskipulags sem er 8 m frá gólfkóta neðri hæðar.
Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemdir við uppdráttina hvað deiliskipulag varðar.
Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við útfærslu gólfhæðar og að við að við veitingu byggingarleyfis verið vikið frá kröfum 2.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr.123/2010 sbr. 3.mgr.sömu greinar hvað gólfkóta sem gefnir eru upp á hæðablaði varðar.
Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.1182/2022.

13.18 2502466 - Hraungata 19 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi sem snýr að svalalokunum við fjölbýlishúsið Hraungötu 19. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við umsókn á grundvelli skipuagsskilmála.

13.19 2504030 - Þernunes 13 - Fyrirspurn til umhverfissviðs

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lögð fram fyrirspurn um útfærslu á stækkun jarðhæðar. Skipulagsstjóri telur að útfærslan komi til greina en hún kallar á deiliskipulagsbreytingu þar sem stækkun fer út fyrir byggingarreit.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Skipulagsnefnd Garðabæjar

8. fundur 2025

Fimmtudaginn 8. maí 2025 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Kjartan Vilhjálmsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Einar Þór Einarsson varamaður, Guðlaugur Kristmundsson áheyrnarfulltrúi, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs og Hrönn Hafliðadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2406836 - Miðbær, svæði I og II, Garðatorg 1, deiliskipulagsbreyting.

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Miðbæjar sem gerir ráð fyrir byggingarreit fyrir 6 hæða fjölbýlishúsi á lóðinni Garðatorg 1 og breyttri útfærslu á byggingarreit á lóð H, við austurenda yfirbyggðrar göngugötu, ásamt byggingarreit ofan á fremri hluta núverandi húss við Garðatorg 1, sem snýr út að torgi. Tillagan er unnin að hálfu fasteignafélagsins Heima sem er lóðarhafi Garðatorgs 1. Freyr Frostason arkitekt hjá THG gerði grein fyrir tillögunni. Skipulagsnefnd vísar tillögunni til forkynningar í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Boða skal til almenns kynningarfundar á meðan á forkynningu stendur og er stefnt að því að hann verði haldinn miðvikudaginn 21. maí nk. Skipulagsnefnd felur umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum að útfæra vöruaðkomu norðan við Garðatorg 1 með ítarlegri hætti en tillagan gerir ráð fyrir og með áherslu á öryggi vegfarenda.

2. 1405080 - Móar, endurskoðað deiliskipulag

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Móa ásamt skýrslu Eflu um umferðarmál innan svæðisins. Jóhanna Helgadóttir arkitekt hjá Nordic-arkitektum og Elín Rita Sveinbjörnsdóttir hjá Eflu gerðu grein fyrir framlögðum gögnum. Tillagan gerir ráð fyrir því að gatan Hrismóar verði lokuð framan við Hrismóa 13 að vestanverðu og framan við Hrismóa 3 að austanverðu. Ný tenging komi frá Bæjarbraut norðan við Garðatorg 2 og þar yrði aðkoma að Miðbæ og að Hrismóum 1, 6, 8 og 10. Skipulagsnefnd vísar tillögunni til forkynningar í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Boða skal til almenns kynningarfundar á meðan á forkynningu stendur og er stefnt að því að hann verði haldinn miðvikudaginn 21. maí nk. Skipulagsnefnd felur umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum að útfæra vöruaðkomu norðan við Garðatorg 1 með ítarlegri hætti en tillagan gerir ráð fyrir og með áherslu á öryggi vegfarenda.

3. 2203422 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 10. Stígakerfi í þéttbýli og þjónustukerfi

Lögð fram tillaga að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til ákvæða og umfjöllunar um stígakerfi í 4. kafla greinargerðar aðalskipulagsins sem fjallar um samgöngu- og þjónustukerfi að lokinni forkynningu í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Haldinn var kynningarfundur þann 2. apríl sl. Lagðar fram þær umsagnir sem borist hafa. Vísað til úrvinnslu hjá Umhverfissviði og skipulagsráðgjafa.

4. 2410080 - Hnoðraholt - Háholt - Aðalskipulagsbreyting

Lögð fram tillaga að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til rammhluta Vífilsstaðalands að lokinni forkynningu í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan hlaut forkynningu samhliða tillögu að deiliskipulagi háholts Hnoðrahólts. Lagðar fram þær umsagnir sem borist hafa. Vísað til úrvinnslu hjá Umhverfissviði og skipulagsráðgjafa.

5. 2409103 - Hnoðraholt-háholt, deiliskipulag

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi háholts Hnoðrahólts að lokinni forkynningu í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þær umsagnir sem borist hafa lagðar fram. Tillögu vísað til úrvinnslu hjá Umhverfissviði og skipulagsráðgjafa. Skipulagsnefnd felur Umhverfissviði og skipulagsráðgjafa að vinna tillögu að breytingu deiliskipulags Hnoðrahólts Norður sem lagar sig að tillögu að deiliskipulagi háholtsins sem og tillögu að breytingu aðalskipulags sem nær til sama svæðis.

6. 2505074 - Breiðamýri - Deiliskipulagsbreyting

Lög fram tillaga að breytingu deiliskipulags Breiðumýrar sem gerir ráð fyrir aðkomu og bílastæðum norðan við Lambamýri 1 til þess að bæta aðgengi að fyrirhuguðum fjölnota sal á jarðhæð.

Skipulagsnefnd metur tillöguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Breiðumýrar í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga og vísar henni til grenndarkynningar í samræmi við 44. gr. sömu laga. Grenndarkynna skal eigendum eigna við Lambamýri.

7. 2505076 - Gásamýri 2-28 - Fyrirspurn til umhverfissviðs

Lögð fram fyrirspurn lóðarhafa um útfærslu á þakgerð einnar hæða raðhúsa, ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar.

Skipulagsnefnd telur að útfærslan samræmist markmiði deiliskipulagsins og gerir ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verið vikið frá kröfum 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sbr. 3. mgr. sömu greinar hvað þá útfærslu varðar sem fylgir fyrirspurn.

8. 2206092 - Höfðabraut - Númer húsa

Lögð fram tillaga að götuheiti við Höfðabraut á Álftanesi ásamt athugasemdum sem borist hafa. Skipulagsnefnd beinir því til umhverfissviðs að funda með þeim sem athugasemdir gerðu og ræða ástæðu fyrirhugaðra breytinga á húsnumurum.

9. 2412118 - Garðprýði 4 - hækkun á vegg - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Lögð fram fyrirspurn með nýrri útfærslu á þakgerð í kjölfar samráðs við skipulagsstjóra. Skipulagsnefnd telur að útfærslan sé í samræmi við markmið deiliskipulagsins.

10. 2410218 - Móafliót 51 - Dsk. br. Flata

Lögð fram fyrirspurn um útfærslu á viðbyggingu við endaraðhús að Móafliót 51.

Skipulagsnefnd metur útfærsluna sem óverulega breytingu deiliskipulags Flata í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísar henni til grenndarkynningar í samræmi við 44. gr. sömu laga.

Grenndarkynna skal eigendum raðhúslengjanna Móaflatar 29-39, Móaflatar 41-51 og Móaflatar 53-59.

11. 2504479 - Markarflöt 41 - Deiliskipulagsbreyting Flata

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Flata sem nær til einbýlishúslóðarinnar Markarflatar 41. Tillagan gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits um 1,7 m til austurs á um 8 metra kafla vegna fyrirhugaðrar viðbyggingar. Skipulagsnefnd metur tillöguna sem óverulega breytingu deiliskiplags Flata í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísar henni til grenndarkynningar í samræmi við 44. gr. sömu laga. Grenndarkynna skal eigendum Markarflatar 39, 43, 45 og 47.

12. 2505078 - Þorraholt 2-4, br dsk Hnoðrah Norður.

Lögð fram umsókn Heklu hf um breytingu deiliskipulags Hnoðrahólts norður sem gerir ráð fyrir hækkun hámarkshæðar verslunar og þjónustulóðarinnar Þorraholt 2-4 um 38 cm, úr 78 mys. í 78,38 mys. Gerð er grein fyrir ástæðum þess að sótt er um hækkun. Skipulagsnefnd metur tillöguna sem fylgir umsókn sem óverulega breytingu deiliskipulags Hnoðrahólts norður í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísar henni til grenndarkynningar í samræmi við 44. gr. sömu laga. Grenndarkynna skal eigendum Þorrahólts 1, Þorrahólts 5-9, Þorraholt 6, Úthólts 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8, 9, 10, 11, 13, 15, 17, 19, 21 og 23.

13. 2404497 - Skilti við Vífilsstaði/Reykjanesbraut - Stjarnan

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi fyrir auglýsingaskilti neðan við Sunnuhvol vestan Vífilsstaða ásamt athugasemdum sem bárust í grenndarkynningu. Lagðar fram þrívíddarmyndir sem sýna ásyndir skiltis frá húsum við Efstalund og endalóð við Sunnuflöt.

Skipulagsnefnd beinir því til umhverfissviðs að funda með þeim sem athugasemdir gerðu og kynna fyrir þeim viðbótargögnum sem nú liggja fyrir.

14. 2504075 - Breyting á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 - 2025 vegna breyttrar landnotkunar Hrauns vestur, nr. 0723/2024

Lögð fram tillaga að breytingu Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2025 sem er á forkynningarstigi.

Umsögn skipulagsnefndar Garðabæjar er eftirfarandi:

Með breytingu á landnotkun Hrauns vestur í aðalskipulagi Hafnarfjarðar í miðsvæði (M) telur Garðabær að sú mikla aukning á umferð sem breytingin gerir ráð fyrir muni hafa áhrif innan bæjarmarka Garðabæjar.

Garðabær óskar eftir góðu og virku samtali vegna þátta sem snúa að stíga- og gatnatengingum milli sveitarfélaganna og tekur undir umsögn Vegagerðarinnar, þar sem nefnt er að samtal þurfi að eiga sér stað við bæði Hafnarfjarðarbæ og Garðabæ um hönnun Álftanesvegur og útfærslu tilheyrandi gatnamóta Hafnarfjarðarvegur og Álftanesvegur.

Skipulagsnefnd Garðabæjar óskar eftir kynningu við mótun tillögu á næstu stigum í skipulagsferlinu á fyrirhuguðum breytingum á aðalskipulagi Hafnarfjarðar sem snúa að Hrauni Vestur ásamt samgöngumati fyrir svæðið.

15. 2408308 - Göngu- og hjólastígur um Ásbraut Kópavogi - Umsagnabeiðni.

Skipulagsnefnd Garðabæjar gerir ekki athugasemd við tillöguna.

16. 2504037F - Afgreiðslufundur skipulagsstjóra - 5

Fundargerð lögð fram.

16.1 2502047 - Vetrarbraut 21A - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 5

Lagðir fram uppdráttir sem fylgja byggingarleyfi fyrir stýrihúsi (dælustöð) fyrir hitaveitu við Vetrarbraut 21a.

Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis sem er í samræmi við framlagða uppdrátti.

16.2 2501296 - Kumlamýri 25-27 - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 5

Lögð fram fyrirspurn um aðlögun lóðarmarka að landi Garðabæjar við Kumlamýri 25-27.

Hugmynd deiliskipulagsins er sú að mörk á milli einalóða og opinna svæða séu sýnileg á yfirborði með hæðarmun.

Vegna þess er mikilvægt að flái sé staðsettur á lóðarmörkum. Ef aðstæður í landi kalla á að flái sé staðsettur utan eða innan við lóðarmörk er hægt að fallast á slíka útfærslu.

Skipulagsstjóri getur því ekki fallist á að jafna hæðarmun milli einkalóðar og bæjarlands út á opnu svæði.

16.3 2503299 - Þorraholt 7 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 5

Lagðir fram uppdráttir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi við Þorraholt 7, ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis sem er í samræmi við framlagða uppdrátti.

16.4 2503548 - Eskiás 7 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 5

Lagðir fram uppdráttir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis sem er í samræmi við framlagða uppdrátti.

16.5 2504023 - Stekkholt 6 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 5

Lagðir fram uppdráttir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi, ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis sem er í samræmi við framlagða uppdrátti.

16.6 2504202 - Stekkholt 55-61 - Fyrirspurn til umhverfissviðs

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 5

Lögð fram fyrirspurn sem snýr að hækkun gólfkóta endahúss, nr. 55 við Stekkholt 55-61 um 20 cm, ásamt umsögn gatnahönnuða.

Með tilliti til umsagnar gatnahönnuðar getur skipulagsstjóri ekki fallist á að hækka gólfkóta endarahúss nr. 55 um 20 cm, líkt og fyrirspurn gerir ráð fyrir. Þar sem botnlanginn er í töluverðum halla verður hæðamunur á götu og bílskúr meiri en æskilegt er.

Skipulagsstjóri gerir aftur á móti ekki athugasemd við fyrri fyrirspurn sem gerði ráð fyrir því að gólfkóti húss númer 57 lækki um 10 cm og að gólfkóti húss númer 55 hækki um 10 cm.

16.7 2504217 - Kjarrprýði 4 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 5

Lagðir fram aðaluppdrættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi, ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis sem er í samræmi við framlagðra uppdrætti. Skipulagsstjóri leggur áherslu á að allur frágangur á lóð og á lóðarmörkum skuli miða að því viðhalda upprunalegu yfirbragði á lóðinni.

16.8 2504218 - Kjarrprýði 3 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 5

Lagðir fram aðaluppdrættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi, ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis sem er í samræmi við framlagðra uppdrætta. Skipulagsstjóri leggur áherslu á að allur frágangur á lóð og á lóðarmörkum skuli miða að því viðhalda upprunalegu yfirbragði á lóðinni.

16.9 2504274 - Vorbraut 5 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 5

Lagðir fram uppdrættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi, ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis sem er í samræmi við framlagða uppdrætti.

16.10 2504319 - Mariugata 13-15 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 5

Lagðir fram lóðaruppdrættir sem gera ráð fyrir því að sérafnotareitir við Mariugötu 13-15 eru stækkaðir. Einnig gerir uppdrátturinn ráð fyrir því að við sérafnotareiti eru skjólveggir allt að 1,9 m að hæð. Skipulagsstjóri getur almennt ekki fallist á skjólveggi hærri en 1,5 m, líkt og deiliskipulag gerir ráð fyrir. Skipulagsstjóri getur vegna nálægðar fallist á að skjólveggir milli afnotareita séu allt að 1,8 m. Að öðru leiti gerir skipulagsstjóri ekki athugasemd við framlagða uppdrætti.

16.11 2504323 - Suðurhraun 2 - Umsókn um byggingarleyfi - rými 0101 og 0102

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 5

Lagðir fram uppdrættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi vegna viðbyggingar við Suðurhraun 2, að undangenginni deiliskipulagsbreytingu þar sem byggingarreitur var stækkaður. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis sem er í samræmi við framlagða uppdrætti.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Umhverfisnefnd Garðabæjar
25 (22-26). fundur 2025

Miðvikudaginn 9. apríl 2025 kl. 08:00 kom umhverfisnefnd Garðabæjar saman til fundar að Lyngási 18.

Fundinn sátu: Stella Stefánsdóttir formaður, Jóna Sæmundsdóttir aðalmaður, Sófus Gústavsson varamaður, Greta Ósk Óskarsdóttir aðalmaður, Eyþór Eðvarðsson aðalmaður, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Linda Björk Jóhannsdóttir verkefnastjóri og Egill Daði Gíslason deildarstjóri umhverfis og framkvæmda.

Fundargerð ritaði: Linda Björk Jóhannsdóttir, verkefnastjóri umhverfismála.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2502419 - Mengunarmælingar 2025

Lagt fram.

2. 1603091 - Trjágróður á lóðarmörkum

Garðyrkjustjóri hvetur lóðarhafa til að huga að gróðri á lóðarmörkum. Trjá- og runnagróður sem vex út fyrir lóðarmörk eða slútir yfir getur þrengt að umferð á götum, gangstéttum eða stígum og getur hindrað snjómokstur. Árleg könnun garðyrkjudeildar á trjágróðri á lóðarmörkum kynnt.

3. 2504082 - Vorhreinsun lóða 2025

Vorhreinsun lóða í Garðabæ verður með sama sniði í ár og í fyrra, þar sem gámum verður komið fyrir á ríflega 30 stöðum í bænum sem taka á móti garðaúrgangi sem íbúar koma sjálfir í gámana. Vorhreinsun lóða fer fram 9. - 22. maí.

4. 2504029 - Hreinsunaráttak 2025

Hreinsunaráttak verður með sama sniði og undanfarin ár og mun fara fram dagana 28. apríl - 12. maí.

5. 2306384 - Aðalskoðun leiksvæða- skólar og opnir leikvelli

Lagt fram til upplýsinga.

6. 2411396 - Áform um breytingu stjórnar Reykjanesfólkvangs

Staða Reykjanesfólkvangs rædd.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Velferðarráð Garðabæjar
4. fundur 2025

Föstudaginn 11. apríl 2025 kl. 08:15 kom velferðarráð Garðabæjar saman til fundar í Hönnunarsafni við Garðatorg.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason formaður, Sturla D Þorsteinsson aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir aðalmaður, Rakel Steinberg Sölvadóttir áheyrnarfulltrúi, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs og Snædís Björnsdóttir lögfræðingur.

Fundargerð ritaði: Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2503492 - Umsókn um fjárhagsaðstoð

Beiðni um endurskoðun skerðingu á fjárhagsaðstoð vegna 2. mgr. 3. gr. reglna um fjárhagsaðstoð í Garðabæ. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

2. 1903268 - Tölulegar upplýsingar í barnavernd og fjárhagsaðstoð

Tölfræði fjárhagsaðstoðar janúar til mars 2025 lögð fram til umræðu og kynningar.

3. 2003058 - Félagslegt leiguhúsnæði í Garðabæ - þróun

Yfirlit yfir afgreiðslu umsókna um félagslegt leiguhúsnæði janúar til mars 2025 lagt fram til kynningar og umræðu.

4. 1907110 - Fjárhagsaðstoð - þróunarvinna

Minnisblað vegna fjárhagsaðstoðar lagt fram. Velferðarráð gerir ekki athugasemdir við fyrirhugað verklag.

5. 2306307 - Vinna og virkni fatlaðs fólks í Garðabæ

Farið yfir tímalínu minnisblaðs sem lagt var fram á síðasta fundi velferðarráðs. Sviðsstjóri upplýsir um þá þætti sem hafa verið til skoðunar.

6. 2410319 - Búsetuúrræði fyrir fatlað fólk í Hnoðraholti

Farið yfir tímalínu minnisblaðs sem lagt var fram á síðasta fundi velferðarráðs. Sviðsstjóri upplýsir um þá þætti sem hafa verið til skoðunar.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Öldungaráð

3. fundur 2025

Mánudaginn 12. maí 2025 kl. 08:00 kom öldungaráð saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Harpa Rós Gísladóttir aðalmaður, Eysteinn Haraldsson aðalmaður, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Anna Ragnheiður Möller aðalmaður, Laufey Jóhannsdóttir aðalmaður, Sæbjörg Einarsdóttir aðalmaður, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Þóra Gunnarsdóttir forstöðumaður stuðnings- og öldrunarþjónustu og Elín Þuríður Þorsteinsdóttir umsjónarmaður félagsstarfs eldri borgara.

Fundargerð ritaði: Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2211434 - Kynning fyrir öldungaráð

Kynning á samþættri þjónustu eldra fólks í Mosfellsbæ. Sigurbjörg Fjölnisdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs í Mosfellsbæ fer yfir samþætta þjónustu eldra fólks í Mosfellsbæ og svarar fyrirspurnum nefndarmanna.

2. 2503150 - Stefna í málefnum eldri borgara - Aðgerðaráætlun 2025 -2026

Öldungaráð staðfestir framlögð lokadrög aðgerðaráætlunar í málefnum eldra fólks 2025-2026 sem verða í framhaldi lögð fyrir bæjarráð og bæjarstjórn til samþykktar.

3. 2301003 - Gott að eldast - aðgerðaáætlun

Kynning á verkefni WHODAS sem snýr að samræmdu mati á færni eldra fólks. Þóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður stuðnings- og öldrunarþjónustu fer yfir stöðu verkefnis og svarar fyrirspurnum fundarmanna.

4. 2301003 - Gott að eldast - aðgerðaáætlun

Efling og þróun dagdvala á landsvísi - Skýrsla starfshóps, mars 2025 lögð fram til kynningar og umræðu.

5. 2504507 - Aðalfundur Öldrunarráðs Íslands 2025

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

**32. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs,
Mosfellsbæjar og Seltjarnarness**
Dagsetning: 31.3.2025
Fundartími: 16:30 – 18:00

Mætt til fundar:

Syanur Karl Grjetarsson formaður

Bjarni Ingimarsson aðalmaður

Linda Hrönn Þórisdóttir aðalmaður

Hannes Tryggvi Hafstein aðalmaður

Jóna Sæmundsdóttir aðalmaður

Gnýr Guðmundsson aðalmaður

Starfsmenn fundarins:

Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri

Ríkharður F. Friðriksson deildarstjóri mengunar

Árni Davíðsson deildarstjóri hollustuhátta

Dagskrá fundarins:

1. Dagskrárliður: Varúðarsvæði, breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar

Að lokinni vinnslutillögu um breytingar á varúðarsvæði í Hellnahrauni er lögð fram auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna varúðarsvæðis. Ekki eru gerðar breytingar á vinnslutillögunni og breytingartillagan því samhljóða.

Heilbrigðiseftirlitið sendi inn umsögn dags. 20.11.2024, þar sem lögð var áhersla á að gerðar verði frekari mælingar í nágrenni álsversins og að gerð verði vöktunaráætlun fyrir svæðið þar sem gert verður ráð fyrir reglulegum loftgæðamæling og eins verði gerðar mælingar á þungmálum innan og utan varúðarsvæðis til að ná betur utan um dreifingu mengunarefna á svæðinu. Heilbrigðiseftirlitið áréttar þær athugasemdir sínar og leggur til að ákvæði um vöktunaráætlun verði sett inn í greinargerð með aðalskipulagsbreytingunni.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögn heilbrigðiseftirlits.


2. Dagskrárliður: Breyting á deiliskipulagi, Hrafnista Hafnarfirði - Hraunvangur 7

Lögð fram breyting á deiliskipulagi Hleina að Langeyrarmölum, vegna Hraunvangs 7 í Hafnarfirði. Breytingin gerir ráð fyrir breyttri uppbyggingu á svæðinu og stækkun lóðar úr 25.980 m² í 33.407 m². Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemdir við tillöguna en vekur athygli á að framkvæmdir sem eru samhliða uppbyggingu á svæðinu eru mjög nálægt þeirri núverandi byggð og því þurfi að taka tillit til þess á byggingartíma, þar sem akstur, efnisflutningur og byggingarstarfsemi eru megin uppspretta hávaða og mengunar í þéttbýli.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

3. Dagskrárliður: Ársreikningur HEF fyrir árið 2024 kynntur og undirritaður

Endurskoðaður ársreikningur fyrir Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnes fyrir árið 2024 lagður fram til samþykktar.



Niðurstaða reksturs er í samræmi við fjárhagsáætlun, rekstrarafkomu þ.e. framlag sveitarfélaga er 96,7 millj. sem er 3 millj. undir áætlun. Rekstrartekjur eru 209,4 millj. eða 9 millj. umfram áætlun og rekstrargjöld eru 307,3 millj. Þá nema vaxtatekjur að frádrögnum fjármagnsgjöldum 1.1 millj. *Heilbrigðisnefnd samþykkir reikninginn með undirritun sinni og framkvæmdastjóra falið að koma niðurstöðum á framfæri til aðildarsveitarfélaganna.*

4. Dagskrárliður: Hljóðvist við Suðurvhamm 15 í Hafnarfirði

Lagt fram erindi frá íbúum Suðurvhamm 15 í Hafnarfirði þar sem óskað er eftir aðkomu heilbrigðisnefndar vegna hávaða frá umferð frá Strandgötu og Reykjanesbraut. Samkvæmt hljóðvistarkorti (2017) eru útreikningar sýndir miðað við að hljóðveggur sé við Suðurvhamm 15, en hann er ekki til staðar og hefur það ekki verið leiðrétt á nýju hljóðvistarkorti sem unnið er út frá gögnum ársins 2022.

Heilbrigðiseftirlitið hefur ákveðið að framkvæma hljóðmælingar á svæðinu í apríl, þar sem leitast verður við að staðreyna hvort hljóðstig sé í samræmi við útreikninga Hafnarfjarðarbæjar 2023, en þar kemur fram að hljóðstig við Suðurvhamm 15 sé 56 db.

Heilbrigðisnefnd leggur áherslu á að íbúum sé tryggð sú hljóðvist sem fram kemur í reglugerð 724/2008 um hávaða og farið sé í þær mótvegisáðgerðir sem nauðsynlegar eru til að tryggja viðeigandi hljóðvist.

5. Dagskrárliður: Kæra til úrskurðarnefndar Umhverfis- og auðlindamála

Kærð hefur verið sú ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness frá 7. mars 2025 að starfsemi þvottahúss fyrirtækis teljist starfsleyfisskyld. Þá óskar kærandi eftir því að réttaráhrif ákvörðunar, þ.e. stöðvun starfseminnar, sé frestað.

Kærandi vísar til þess að ekki megi sjá að ákvörðun heilbrigðiseftirlitsins að fella starfsemina undir „þvottahús“ byggði á skýrum heimildum í lögum. Þá félli ákvörðun um að fella lítinn hluta starfseminnar undir „þvottahús“ ekki undir meðalhófsreglu og ljóst sé að hægt væri að ná markmiðum og tilgangi laganna á vægari hátt.

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við að réttaráhrif ákvörðunarinnar sé frestað þar til úrskurður Úrskurðarnefndar liggur fyrir.

6. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 26. febrúar 2025

Lögd fram fundargerð afgreiðslufundar heilbrigðiseftirlitsins frá 26. febrúar 2025, til kynningar og staðfestingar.

7. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 5. mars 2025

Lögd fram fundargerð afgreiðslufundar heilbrigðiseftirlitsins frá 5. mars sl. til kynningar og staðfestingar.

8. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 12. mars 2025

Lögd fram fundargerð afgreiðslufundar heilbrigðiseftirlitsins frá 12. mars sl. til kynningar og staðfestingar.

WAB
B.1
SKh


9. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 19. mars 2025


Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar heilbrigðiseftirlitsins frá 5. mars sl. til kynningar og staðfestingar.

10. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 26. mars 2025


Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar heilbrigðiseftirlitsins frá 26. mars sl. til kynningar og staðfestingar.


Undirskrift fundargerðar



Svanur Karl Grjetarsson formaður



Linda Hrönn Þórisdóttir aðalmaður

Jóna Sæmundsdóttir varamaður




Bjarni Ingimarsson aðalmaður


Hannes Tryggyi Hafstein aðalmaður


Gnýr Guðmundsson aðalmaður

**33. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs,
Mosfellsbæjar og Seltjarnarness**
Dagsetning: 28.4.2025
Fundartími: 16:30 – 18:30

Mætt til fundar:

Svanur Karl Grjetarsson formaður

Bjarni Ingimarsson aðalmaður

Linda Hrönn Þórisdóttir aðalmaður

Gnýr Guðmundsson aðalmaður

Ingibjörg Hauksdóttir aðalmaður

Starfsmenn fundarins:

Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri

Ríkharður F. Friðriksson deildarstjóri mengunar

Dagskrá fundarins:

1. Dagskrárliður: Aðalskoðun leiksvæða - ósk um breytingar á tíðni aðalskoðunar

Lagt fram erindi Guðrúnar Eddu Finnbogadóttur f.h. umhverfissviðs Kópavogsbæjar dags. 14. apríl 2025 þar sem óskað er eftir að heilbrigðisnefnd heimili að lögbundin aðalskoðun leiksvæða fari fram á þriggja ára fresti. Þrátt fyrir að sú beiðni verði samþykkt, verði gerð fyrsta aðalskoðun skv. reglugerð um leiksvæði þegar ný leiksvæði eða verulega endurbætt leiksvæði eru tekin í notkun.

Í samræmi við gildandi reglugerðir hverju sinni hefur Kópavogsbær látið framkvæma aðalskoðanir á leiksvæðum bæjarins allt frá árinu 2002. Undanfarin ár hafa aðalskoðanir verið gerðar árlega og viðhaldi á leiksvæðum verið sinnt. Frá ársbyrjun 2024 hafa þessi mál verið tekin enn fastari tökum og auk aðalskoðunar hafa formlegar rekstrarskoðanir verið gerðar á þriggja mánaða fresti, í samræmi við gildandi reglugerð nr. 1025/2022 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim. Allar þessar skýrslur er að finna í rafrænni rekstrarhandbók Kópavogsbæjar, sbr. 6. gr. reglugerðarinnar, sem heilbrigðiseftirlitið hefur m.a. aðgang að. Viðhaldi er sinnt enn betur og hefur verið brugðist við frávikum eða ábendingum, sem þó eru hvorki margar núorðið né alvarlegar.

Í samræmi við 14. gr. reglugerðar nr. 1025/2022 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim, heimilar heilbrigðisnefnd að tíðni milli aðalskoðana verði eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

2. Dagskrárliður: Efstaland 1, Mosfellsbæ - Umsögn HEF um breytingu á aðalskipulagi fyrir 303V-verslun og þjónustu

Lögð fram tillaga að breytingu aðalskipulags Mosfellsbæjar fyrir reit 303V í Helgafellshverfi. Um er að ræða verslunar og þjónustusvæði á milli núverandi byggðar austan Vesturlandsvegar og suðurhlíða Helgafellshverfisins. Tillagan felur í sér að heimila uppbyggingu íbúða í bland við þjónustu.

Heilbrigðiseftirlitið hefur yfirfarið fyrirbyggjandi skipulagslýsingu sem embættinu barst í Skipulagsgátt, mál nr. 472/2025. Eftirlitið setur sig ekki gegn umræddri breytingu í stefnu sveitarstjórnar, en sambland atvinnu- og íbúðarhúsnæðis getur leitt til ákveðinna vandkvæða í samneyti við íbúa. Í ljósi þessa þá mun heilbrigðiseftirlitið koma með ákveðnar ábendingar í umsögn sinni um deiliskipulagsbreytingu Efstalandi 1 í Helgafellshverfi máls nr. 473/2025 í Skipulagsgátt.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögn heilbrigðiseftirlits.

B.I.
H.H.
S.H.

3. Dagskrárliður: Efstaland 1, Mosfellsbæ - Umsögn HEF um deiliskipulagsbreytingu í Helgafellshverfi
Lögð fram tillaga að deiliskipulagsbreytingu á 2. áfanga Helgafellshverfis í suðurhlíðum Helgafells í Mosfellsbæ. Markmið með skipulagsbreytingunum er að stuðla að betri nýtingu lóðar við Efstaland 1, með því að skapa nými fyrir fjölbreyttari nærþjónustu við íbúa hverfisins. Breytingin felur í sér uppfærslu deiliskipulags þar sem breyting verður gerð á byggingarreit og hús hækkuð ú 8.5 m í mesta hæð 10 m. Heilbrigðiseftirlitið vekur athygli á að við hönnun þurfi að huga að hávaða sem getur borist milli hæða og utanhúss og því mikilvægt að farið sé hvívetna eftir ákvæðum laga, reglugerða sem og hljóðvistarstaðla sem lúta að hljóðvist. Jafnframt sé mikilvægt að huga að mengunarvarnarbúnaði vegna lyktar, kælipressu og útblásturs, verði slíkt til staðar.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögn heilbrigðiseftirlits.

4. Dagskrárliður: Urriðaholt austurhluti, deiliskipulagsbreyting, Flóttamannavegur
Lögð fram tillaga um breytingar á deiliskipulagi Urriðaholts austurhluta sem gerir ráð fyrir breytingum á útfærslu Flóttamannavegar og gatnamóta við Urriðaholtsstræti, Holtsveg og aðkomuveg að golfvallarsvæði.

Heilbrigðiseftirlitið fagnar því að bæta skuli öryggismál Flóttamannaleiðar. Um er að ræða stuttan kafla vegarins frá nýju hringtorgi við Urriðaholtsstræti að mörkum skipulagssvæðis austurhluta Urriðaholts rétt við nýtt hringtorg við innkeyrslu að Urriðavelli. Heilbrigðiseftirlitið vekur athygli á mikilvægi þess að hugað verði að umferðaröryggi og auknum varnarþáttum á öðrum hluta Flóttamannavegar og umferð hjólandi og gangandi vegfarenda verði tryggður. Þá er mikilvægt að huga að áhrifamati fyrir vatnshlot við framkvæmdina, en Urriðakotsvatn liggur steinsnar frá veginum.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögn heilbrigðiseftirlits.

5. Dagskrárliður: Mosfellsbær - Hamrabrekkur 21, lnr. 124668, umsögn um grenndarkynningu
Lögð fram beiðni frá skipulagssviði Mosfellsbæjar dags. 18.03.2025 þar sem óskað er umsagnar á beiðni eigenda Hamrabrekkna 21 um leyfi til að byggja 130 m² frístundarhús á einni hæð á norðanverðri lóð Hamrabrekkna 21. Um er að ræða tilvik þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir.

Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemdir við útgáfu byggingarleyfis, en vill koma að tilmælum að fylgt sé leiðbeiningum Umhverfis- og orkustofnunar um minni fráveitur sem útgefnar voru í október 2022.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögn heilbrigðiseftirlits.

6. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 2. apríl 2025

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar frá 2. apríl sl. til kynningar.

7. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 9. apríl 2025

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar frá 9. apríl 2025 til kynningar.

8. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 16. apríl 2025

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar frá 16. apríl 2025 til kynningar.


B.I.
SKH



9. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 23. apríl 2025
Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar frá 23. apríl 2025 til kynningar.

Undirskrift fundargerðar


Svanur Karl Grjetarsson formaður

Linda Hrönn Þórisdóttir aðalmaður


Ingibjörg Hauksdóttir aðalmaður


Bjarni Ingimarsson aðalmaður

Gnýr Guðmundsson aðalmaður



Fundargerð

270. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins haldinn í kennslustofunni á Skarhólabraut, föstudaginn 21. mars 2025, kl. 08:00.

Fundinn sátu:

Heiða Björg Hilmisdóttir, Ásdís Kristjánsdóttir, Almar Guðmundsson, Regína Ásvaldsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Jón Viðar Matthíasson, Aldís Rún Lárusdóttir, Ingveldur Lára Þórðardóttir, Ástríður Þórðardóttir og Guðný Elísabet Ingadóttir.

Fundargerð ritaði: Ingveldur Lára Þórðardóttir, skrifstofustjóri.

Valdimar Víðisson boðaði forföll sín og varamanns.

1. Breyting á stjórn SHS - 2502018

Varafulltrúi í stjórn SHS f.h. Reykjavíkurborgar var tilnefndur á borgarráðsfundi fimmtudaginn 20. mars.

Stjórnarmenn SHS eru eftirfarandi:

*Heiða Björg Hilmisdóttir, Reykjavík, formaður
Ásdís Kristjánsdóttir, Kópavogi, varaformaður
Valdimar Víðisson, Hafnarfirði
Almar Guðmundsson, Garðabæ
Regína Ásvaldsdóttir, Mosfellsbæ
Þór Sigurgeirsson, Seltjarnarnesi*

Varamenn í stjórn eru eftirfarandi:

*Líf Magneudóttir, Reykjavík
Orri Vignir Hlöðversson, Kópavogi
Rósa Guðbjartsdóttir, Hafnarfirði
Björg Fenger, Garðabæ
Halla Karen Kristjánsdóttir, Mosfellsbæ
Ragnhildur Jónsdóttir, Seltjarnarnesi*

Niðurstaða

Kynning.

2. Starfsemisskýrsla SHS 2024 - 2501032

Starfsemisskýrsla SHS fyrir árið 2024 kynnt. Í henni er sagt frá helstu verkefnum kjarna- og stoðsviða SHS á liðnu ári og stiklað á stóru í tölfræði ársins.

Niðurstaða

Kynning.

Fylgiskiöl

3. Greinargerð um innra eftirlit og áhættustýringu - 2503030

Greinargerð um innra eftirlit og áhættustýringu, mat stjórnenda á núverandi áhættupoli lykiláhættupáttum starfseminnar í samræmi við áhættustefnu.

Niðurstaða

Frestað.

4. Árangur í umhverfismálum 2024 - 2503031

Árangur ársins 2024 skv. umhverfismælikvörðum SHS.

Niðurstaða

Frestað.

5. Samningur við SFF um viðbragð við vatnstjóni - 2503010

Gerður hefur verið nýr samningur við Samtök fjármálafyrirtækja um viðbragð SHS við vatnstjónum, með fyrirvara um samþykki stjórnar. Gildistími samningsins er frá 1. janúar til 31. desember 2025.

Niðurstaða

Stjórn samþykkir samninginn.

Fylgiskjöl

SHS 270 5.1 Samningur SFF og SHS um viðbragð við vatnstjónum.pdf

6. Framtíðaruppbygging SHS - 2405010

Drög að samkomulagi um greiðslu byggingarréttar vegna lóða fyrir starfsemi SHS voru lögð fram til kynningar á síðasta fundi.

Niðurstaða

Frestað.

7. Aðalfundur SHS 2025 - 2501012

Lagt er til að aðalfundur SHS með afmælisvafi verði haldinn 22. maí 2025, væntanlega í slökkvistöðinni í Hafnarfirði.

Niðurstaða

Stjórn staðfestir dagsetninguna 22. maí 2025 fyrir aðalfund SHS, sem jafnframt verður 25 ára afmælisveisla liðsins.

8. Önnur mál 2025 - 2501009

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 09:30.

Heiða Björg Hilmisdóttir

Ásdís Kristjánsdóttir

Almar Guðmundsson

Regína Ásvaldsdóttir

Pór Sigurgeirsson



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**603. fundur stjórnar SSH
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 7. apríl 2025
og hófst hann kl. 11:45.**

Fundinn sátu:

Heiða Björg Hilmisdóttir, Ásdís Kristjánsdóttir, Björg Fenger, Regína Ásvaldsdóttir, Valdimar Víðisson, Þór Sigurgeirsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Heiða Björg Hilmisdóttir formaður stjórnar setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Fyrirkomulag almenningssamgangna ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu - 2409007

Umræður um stöðu mála hvað varðar undirbúning stofnunar nýs félags um rekstur almenningssamgangna en stofnskjöl þess eru nú til meðferðar á vettvangi sveitarfélanna.

Áhættustjóri Reykjavíkurborgar fer yfir áhættumat á nýju félagi og Strætó bs. Umræður.

Umræður um verklag við tilnefningu og skipan stjórnarfólks í hinu nýja félagi.

Gestir

Stefanía Scheving Thorsteinsson áhættustjóri Reykjavíkurborgar

Birgir Björn Sigurjónsson ráðgjafi

Halldóra Káradóttir fjármálastjóri Reykjavíkurborgar

Ásthildur Helgadóttir sviðsstjóri umhverfissviðs Kópavogsbæjar

Hörður Hilmarsson skrifstofustjóri á fjármála- og áhættustýringarsviði Reykjavíkurborgar

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóra er falið að boða sameiginlegan fund stjórnar SSH og stjórnar Strætó bs. nk. mánudag kl. 12:00 um verkefnið.

Ákveðið er að auglýsa eftir aðilum í stjórn hins nýja félags og verða tillögur um fyrirkomulag við tilnefningu útfærðar með tilliti til þess.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:45.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

604. fundur stjórnar SSH
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 14. apríl 2025
og hófst hann kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Ásdís Kristjánsdóttir, Almar Guðmundsson, Líf Magneudóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Valdimar Víðisson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH, Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Katrín Margrét Guðjónsdóttir.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Ásdís Kristjánsdóttir varaformaður stjórnar SSH setti fund og gengið var til dagskrár.

Svava G. Sverrisdóttir sviðsstjóri fjármálasviðs Seltjarnarnessbæjar sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi í fjarveru aðal- og varamanns sveitarfélagsins.

Dagskrá:

1. Fyrirkomulag almenningssamgangna ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu - 2409007

Umræður um stöðu mála hvað varðar undirbúning stofnunar nýs félags um rekstur almenningssamgangna. Fyrirliggjandi til samþykktar eru tillögur um ferli við verklag við tilnefningu og skipan stjórnarfólks í hinu nýja félagi.

Niðurstaða:

Samþykkt

2. Aðalfundur Betri samgangna ohf. 2025 - 2504006

Samkvæmt fyrirliggjandi fundarboði verður aðalfundur Betri samgangna ohf. haldinn 30. apríl nk. Gert er ráð fyrir að þrír stjórnarmanna, auk eins varamanns, séu skipaðir samkvæmt tilnefningu stjórnar SSH og með vísan til 1. mgr. 63. gr. a í hlutafélagalögum er gert ráð fyrir að tilnefningar til stjórnar berist félaginu í síðasta lagi fimm dögum fyrir aðalfund, þ.e. 25. apríl nk. Gert er ráð fyrir endanlegri afgreiðslu þessa máls á aukafundi stjórnar hinn 22. apríl nk. kl. 12:00.

Niðurstaða:

Umræður

Valdimar Víðisson bæjarstjóri Hafnarfjarðar fór af fundi.

3. Umsagnir þingmála - 1910005

Fyrirliggjandi til samþykktar eru drög að umsögn SSH um frumvarp til laga um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, en þau hafa áður verið send stjórn með tölvupósti.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Niðurstaða:

Samþykkt

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

605. fundur stjórnar SSH
var haldinn í fjarfundi, miðvikudaginn 23. apríl 2025
og hófst hann kl. 12:00.

Fundinn sátu:

Heiða Björg Hilmisdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Valdimar Víðisson, Þór Sigurgeirsson og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri SSH

Heiða Björg Hilmisdóttir formaður stjórnar setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Aðalfundur Betri samgangna ohf. 2025 - 2504006

Samkvæmt fyrirbyggjandi fundarboði verður aðalfundur Betri samgangna ohf. haldinn 30. apríl nk. Gert er ráð fyrir að þrír stjórnarmanna, auk eins varamanns, séu skipaðir samkvæmt tilnefningu stjórnar SSH og með vísan til 1. mgr. 63. gr. a í hlutafélagalögum er gert ráð fyrir að tilnefningar til stjórnar berist félaginu í síðasta lagi fimm dögum fyrir aðalfund, þ.e. 25. apríl nk.

Niðurstaða:

Af hálfu SSH eru eftirfarandi tilnefnd til stjórnar Betri samgangna ohf.:

- 1. Ásthildur Helgadóttir sviðsstjóri umhverfissviðs Kópavogs.*
- 2. Ólöf Örnarsdóttir sviðsstjóri Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, sem jafnframt er tilnefnd sem varaformaður Betri samgangna ohf.*
- 3. Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.*

Varamaður: Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH.

2. Umsagnir þingmála - 1910005

Frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, mat á fjárhagslegum áhrifum á sveitarfélög, 272. mál er nú til meðferðar Alþingis og rennur umsagnarfrestur vegna þess út hinn 28. apríl nk.

SSH sendu athugasemdir við frumvarpið á fyrri stigum, þ.e. þegar það var kynnt sem drög á samráðsgátt stjórnvalda en frumvarpið hefur tekið nokkrum breytingum síðan. Fyrirliggjandi til samþykktar eru drög að umsögn SSH vegna ofangreinds frumvarps.

Niðurstaða:

Samþykkt

3. Önnur mál - 2110011



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Ákveðið er að fresta fundi stefnuráðs byggðasamlaganna sem fyrirhugað var að halda 28. apríl, og verður stefnt að því að halda hann um miðjan maí.

Niðurstaða:

Afgreitt

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:45.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

606. fundur stjórnar SSH
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 5. maí 2025
og hófst hann kl. 12:00.

Fundinn sátu:

Heiða Björg Hilmisdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Valdimar Víðisson, Þorbjörg Gísladóttir, Þór Sigurgeirsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri Mosfellsbæjar, Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri Kjósarhrepps og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri tóku þátt í fundinum með fjarfundabúnaði.

Heiða Björg Hilmisdóttir formaður stjórnar setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Forvarnir og geðrækt ungmenna á hbsv.-Sóknaráætlun 2024 - 2404006

Verkefnið forvarnir og geðrækt ungmenna á höfuðborgarsvæðinu var eitt af áhersluverkefnum sóknaráætlunar árið 2024. Skýrsla um verkefnið er fyrirbyggjandi. Amanda K. Ólafsdóttir og María Kristín Gylfadóttir kynna. Umræður.

Gestir

María Kristín Gylfadóttir ráðgjafi

Hanna Borg Jónsdóttir verkefnastjóri farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins

Amanda K. Ólafsdóttir skrifstofustjóri á menntasviði Kópavogsbæjar

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar. Verkefnið verður kynnt fyrir kjörnum fulltrúum á sérstökum kynningar- og umræðufundi á vegum SSH. Starfshópnum sem vann að verkefninu er falið að vinna áfram og móta frekar tillögur að næstu skrefum hvað varðar framkvæmd þess.

2. SSH Farsæld - Sveitarfélögin - 2502003

Hanna Borg Jónsdóttir verkefnastjóri farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins kynnir helstu atriði verkefnisins, verklag þess og tímalínu.

Gestir

Hanna Borg Jónsdóttir verkefnastjóri farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins

Niðurstaða:

Umræður



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

3. Tækifæri til útivistar við vötn, haf og gönguskíðaiðkun - Sóknaráætlun 2024 - 2404008

Verkefnið tækifæri til útivistar við vötn, haf og gönguskíðaiðkun var eitt af áhersluverkefnum sóknaráætlunar árið 2024 og er ætlað að styðja við aukna útivist og hreyfingu íbúa. Í verkefninu fólst að kortleggja svæði á höfuðborgarsvæðinu sem hentað gætu fyrir útivist og leiki sem tengjast vötnum, hafi og gönguskíðaiðkun, hvar slík notkun eða tengd þjónusta og/eða starfsemi sé til staðar og hvar megi styrkja hana enn frekar og á hvaða hátt. Skýrsla TÓ arkitekta um verkefnið liggur nú fyrir og Birkir Ingibjartsson kynnir niðurstöður hennar.

Gestir

Birkir Ingibjartsson arkitekt hjá TÓ arkitektum

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar. Verkefnið verður kynnt fyrir kjörnum fulltrúum á sérstökum kynningar- og umræðufundi á vegum SSH.

4. Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins - 2409009

Fyrirliggjandi eru drög að sameiginlegum samningi sveitarfélaganna og Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins vegna áranna 2026-2028, en sveitarfélögin hafa hingað til gert samninga hvert um sig við stofuna. Inga Hlín Pálsdóttir kynnir. Umræður.

Gestir

Inga Hlín Pálsdóttir framkvæmdastjóri Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar. Frekari umræðum og afgreiðslu er frestað.

5. Almyrkvi á sólu 12.08.2026 - 2504002

Taka þarf til umræðu fyrirkomulag á skipulagi er varðar almyrkva á sólu 12. ágúst 2026. Meðfylgjandi eru hugmyndir Reykjavíkurborgar er varða framangreint.

Fyrirliggjandi til kynningar er þá tillaga til þingsályktunar um skipun aðgerðahóps vegna almyrkva á sólu 12. ágúst 2026 sem nú er til meðferðar Alþingis. Umræður.

Gestir

Eva Bergþóra Guðbergsdóttir samskiptastjóri, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, Reykjavík

Inga Hlín Pálsdóttir framkvæmdastjóri Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins

Niðurstaða:

Skrifstofu SSH er falið að óska eftir tilnefningum í aðgerðahóp vegna almyrkva á sólu 12. ágúst 2026, til samræmis við fyrirliggjandi tillögu. Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins í samstarfi við Reykjavíkurborg mun annast utanumhald með vinnu hópsins og veita honum forstöðu.

6. Fyrirkomulag almenningssamgangna ríkis og sveitarfélaga á



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

höfuðborgarsvæðinu - 2409007

Umræður um stöðu mála hvað varðar undirbúning stofnunar nýs félags um rekstur almenningssamgangna en stofnskjöl hins nýja félags hafa nú verið afgreidd og samþykkt af hálfu sveitarfélaganna. Vilhjálmur Alvar Halldórsson og Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir verkefnastjórar kynna tímalínu verkefnisins og næstu skref þess.

Gestir

Birgir Björn Sigurjónsson ráðgjafi

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir Expectus ráðgjöf

Vilhjálmur Alvar Halldórsson Expectus ráðgjöf

Niðurstaða:

Umræður

7. Samstarf við samræmda úttekt vatnsveitna á Íslandi - 2503007

Fyrirliggjandi er erindi Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar sem barst í tölvupósti dags. 19. mars sl. Meðfylgjandi erindinu er beiðni um samstarf, sem jafnframt var m.a. send öllum sveitarstjórnnum, en þar kemur m.a. fram að óskað sé eftir þátttöku slökkviliðsstjóra í samræmdu verkefni um úttekt á slökkvivatni vatnsveitna. Fyrir liggur að Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins er þátttakandi í umræddu samstarfi og gerð er tillaga um að Slökkviliðið sjái um verkefnið fyrir hönd höfuðborgarsvæðisins og miðli upplýsingum eftir þörfum.

Niðurstaða:

Samþykkt

8. Erindi Skógræktarfélags Reykjavíkur vegna Heiðmerkur - 2503006

Fyrirliggjandi til kynningar er erindi Skógræktarfélags Reykjavíkur, sem barst með tölvupósti 20. mars sl. ásamt beiðni um að erindið yrði sent stjórn SSH.

Niðurstaða:

Ekki gafst tími til að taka þennan dagskrárlið til umræðu og er honum því frestað.

9. Sérskóli á höfuðborgarsvæðinu - Sóknaráætlun 2025 - 2502016

Eitt af áhersluverkefnum sóknaráætlunar árið 2025 er greining á fýsilegika þess að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eigi samstarf um uppbyggingu sérskóla í samstarfi við ríkið. Gengið hefur verið til samninga við HLH ráðgjöf um verkefnastýringu og er samningur þess efnis lagður fram til kynningar, en á 601. fundi stjórnar var framkvæmdastjóra falið umboð til gerðar samninga vegna áhersluverkefna ársins 2025.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

10. Eigendasamkomulag vegna Álfsness - 2308006

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 6. fundar verkefnastjórnar



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

urðunarstaðar dags. 19. september 2024.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 7. fundar verkefnastjórnar
urðunarstaðar dags. 21. nóvember 2024.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 8. fundar verkefnastjórnar
urðunarstaðar dags. 16. janúar 2025.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar. Umræðum frestað til næsta fundar.

11. Samráðshópur á sviði velferðarmála - fundargerðir - 2202013

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð samráðshóps á sviði velferðarmála
dags. 12. febrúar 2025.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð samráðshóps á sviði velferðarmála
dags. 12. mars 2025.

Áætlaður tími 2 mínútur.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

12. Svæðisskipulagsnefnd fundir nefndarinnar - 2003003

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 136. fundar svæðisskipulagsnefndar
dags. 14. mars 2025.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 137. fundar svæðisskipulagsnefndar
dags. 11. apríl 2025.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

13. Umsagnir þingmála - 1910005

Fyrirliggjandi til staðfestingar er umsögn SSH um tillögu til þingsályktunar um
borgarstefnu, 158. mál, sem send var nefndasviði Alþingis hinn 1. apríl 2025 sl.
Að meginstefnu er umsögnin samhljóða fyrri umsögn SSH um drög að
borgarstefnu sem send var á samráðsgátt stjórnvalda 10. apríl 2024, sbr. bókun
577. fundar.

Niðurstaða:

Samþykkt

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:15.

ÁRÉLÍA EYDÍS GUÐMUNDSDÓTTIR

Kennitala: 161066-4669
2025-04-02 10:01:01 GMT
Ástæða: Undirskrift

GUNNAR VALUR GÍSLASON

Kennitala: 060358-6809
2025-04-02 10:01:32 GMT
Ástæða: Undirskrift

ALDÍS STEFÁNSDÓTTIR

Kennitala: 071076-4829
2025-04-02 10:18:30 GMT
Ástæða: Undirskrift

VALDIMAR VÍÐISSON

Kennitala: 100978-3599
2025-04-02 10:29:17 GMT
Ástæða: Undirskrift

SVANA HELEN BJÖRNSDÓTTIR

Kennitala: 201260-3489
2025-04-02 13:48:04 GMT
Ástæða: Undirskrift

ORRI VIGNIR HLÖÐVERSSON

Kennitala: 200664-2139
2025-04-02 14:09:15 GMT
Ástæða: Undirskrift

FUNDARGERÐ 514. FUNDAR STJÓRNAR SORPU bs.

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, miðvikudaginn 2. apríl 2025. Fundurinn er settur klukkan 07:30. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík.

Fundarstjóri: Árelía Eydís Guðmundsdóttir, formaður stjórnar.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja staðfund: Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Orri Vignir Hlöðversson, Svana Helen Björnsdóttir, og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs, og Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri sækja fund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Söfnun og meðhöndlun á textíl

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu söfnunar og meðhöndlunar á textíl og leggur fram minnisblað. Framboð á úrgangstextíl í Evrópu hefur aukist til muna, með þeim afleiðingum að erfiðara er að koma textíl í endurvinnslu. SORPA hefur aðgang að endurvinnslufarvegi fyrir textíl. Til að viðhalda þeim farvegi forvinnur starfsfólk SORPU textíl fyrir útflutning, með því að tína rusl úr textílum, og tína frá textíl sem er nothæfur til innlendrar endurnotkunar. Þeim textíl er miðlað til einkaaðila, og seldur í Góða hirðinum til vara.

Framkvæmdastjóri gerir jafnframt grein fyrir því að SORPA geri þá kröfu á sína móttökuaðila á textíl að sá hluti textíls sem ekki sé tækur til endurnotkunar eða -vinnslu fari í orkuvinnslu í Evrópu.

Minnisblað fylgir fundargerð.

2. Tillaga að nýjum móttökuskilmálum og gjaldskrá á jarðvegi

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir minnisblaði um uppfærða móttökuskilmála og gjaldskrá fyrir móttöku jarðvegs á urðunarstað SORPU í Álfsnesi. Lagt er til að gjaldflokkum jarðvegs verði fjölgað, og að skerpt verði á móttökuskilmálum.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að útfæra eftirlit með þeim jarðvegi sem afhent er á urðunarstað.

Stjórn samþykkir breytingu á gjaldskrá.

Minnisblað fylgir fundargerð.

3. Staða og framvinda ESA málsins

Haraldur Flosi Tryggvason Kleið og Halldór Þorkelsson, ráðgjafar SORPU í ESA-málinu, taka sæti á fundinum undir þessum lið. Haraldur og Halldór fara yfir stöðu málsins. Áætlað er að starfshópurinn skili lokaskýrslu í lok maí næstkomandi.

Orri Vignir víkur af fundi að lokinni afgreiðslu þessa liðar.

4. Uppfærð mannauðsstefna lögð fram – frestað til næsta fundar

5. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir skýrslu framkvæmdastjóra.

Skýrslan fylgir fundargerð.

6. Önnur mál

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir erindisbréfi um starfshóp um endurvinnslustöðvar á Glaðheimasvæðinu. Erindisbréf fylgir fundargerð. Stjórn SORPU leggur áherslu á að ný stöð við Glaðheima verði boðin út eigi síðar en 31. maí 2026.

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir því að Stena hefur að nýju opnað fyrir móttöku á blönduðum pappír, sjá fundargerð 511. fundar stjórnar SORPU og fylgiskjal. Blandaður pappír frá SORPU fer því að nýju í forflokun hjá móttökuaðila.

Fundurinn er síðasti stjórnarfundur Árelíu Eydísar, formanns stjórnar SORPU. Stjórn þakkar Árelíu Eydísi fyrir gott og árangursríkt samstarf.

Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 7. maí klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 09:54.

FUNDARGERÐ 515. FUNDAR STJÓRNAR SORPU bs.

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, miðvikudaginn 23. apríl 2025. Fundurinn er settur klukkan 07:30. Fundurinn er fjarfundur.

Fundarstjóri: Valdimar Víðisson.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja fjarfund: Kristinn Jón Ólafsson í forföllum Dóru Bjartar Guðjónsdóttur, Margrét Bjarnadóttir í forföllum Gunnars Vals Gíslasonar, Orri Vignir Hlöðversson, Svana Helen Björnsdóttir, Sævar Birgisson í forföllum Aldísar Stefánsdóttur, og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs, og Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri sækja fjarfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Val á fundarstjóra

Í forföllum hvort tveggja formanns og varaformanns stjórnar ákveður stjórn samhljóða að fela Valdimar Víðissyni stjórn fundarins.

2. Málafni endurvinnslustöðva: Niðurstaða útboðs um byggingu endurvinnslustöðvar við Lambhagaveg og fjármögnun

Ingi Jarl Sigurvaldason, innkaupastjóri SORPU, tekur sæti á fundinum undir þessum lið, og gerir grein fyrir tilboðum sem bárust í byggingu nýrrar endurvinnslustöðvar við Lambhagaveg. Innkaupastjóri leggur til að gengið verði að tilboði fyrirtækisins Sjammi ehf., sem er 12,3% undir kostnaðaráætlun.

Stjórn samþykkir tillögu innkaupastjóra og felur framkvæmdastjóra að ganga til samningaviðræðna við Sjamma ehf.

Fjármálastjóri leggur fram tillögu um lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. vegna verkefnisins.

Stjórn bókar eftirfarandi:

Stjórn SORPU bs., samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga allt að fjárhæð 1.345.000.000 kr.,- með þeim lánaskilmálum sem bjóðast á þeim tíma sem lántaka fer fram.

Lánið er tekið til uppbyggingar á nýrri endurvinnslustöð við Lambhagaveg, sem telst hafa almenna efnahagslega þýðingu, sbr. lög nr. 150/2006.

Jafnframt er Jóni Viggó Gunnarssyni, framkvæmdastjóra SORPU bs., veitt fullt og SORPU bs., að undirrita lánssamninga við Lánasjóð

teykjavík | sorpa@sorpa.is | www.sorpa.is | +354 520 2200

Fullgild rafraen undirskrift
VALDIMAR VÍÐISSON
Kennitala: 100978-3509
2025-04-23 12:12:36 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift
MARGRÉT BJARNADÓTTIR
Kennitala: 190794-3199
2025-04-23 09:37:10 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift
SÆVAR BIRGISSON
Kennitala: 150288-2319
2025-04-23 09:29:49 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift
SVANA HELEN BJÖRNSDÓTTIR
Kennitala: 201260-2489
2025-04-23 09:53:00 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift
ORRI VIGNIR HLÖÐVERSSON
Kennitala: 200664-2159
2025-04-23 16:17:52 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift
KRISTINN JÓN ÓLAFSSON
Kennitala: 230181-3819
2025-04-24 19:19:38 GMT
Ástæða: Undirskrift

sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu þessa láns ásamt vöxtum og kostnaði stendur einföld ábyrgð eigenda SORPU bs., þ.e.a.s. Reykjavíkurborg, Kópavogsbæ, Hafnarfjarðarbæ, Garðabæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesbæ. Framkvæmdastjóra er falið að óska eftir samþykki sveitarfélaganna í samræmi við kröfur sjóðsins.

3. Endurfjármögnun á eldra láni

Fjármálastjóri gerir grein fyrir endurfjármögnun á eingreiðsluláni hjá Íslandsbanka. Endurfjármögnunin er í samræmi við fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 sem samþykkt var á 507. Stjórnarfundum SORPU bs. þann 18. október 2024 og á 51. eigendafundi SORPU bs. þann 25. október 2024.

Stjórn bókar eftirfarandi:

Stjórn SORPU bs., samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð kr. 639.000.000,- með þeim lánaskilmálum sem býðst á þeim tíma sem lántaka fer fram.

Lánið er tekið til endurfjármögnunar á forvinnslulínu fyrir blandaðan úrgang frá heimilum sem fellur ekki undir reglugerð ESB nr. 2139/2021, og sem telst hafa almenna efnahagslega þýðingu, sbr. lög nr. 150/2006.

Jafnframt er Jóni Viggó Gunnarssyni, framkvæmdastjóra SORPU bs., veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. SORPU bs., að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu þessa láns ásamt vöxtum og kostnaði stendur einföld ábyrgð eigenda SORPU bs., þ.e.a.s. Reykjavíkurborg, Kópavogsbæ, Hafnarfjarðarbæ, Garðabæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesbæ. Framkvæmdastjóra er falið að óska eftir samþykki sveitarfélaganna í samræmi við kröfur sjóðsins.

Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 7. maí klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 07:57.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**51. fundur eigendafundar Strætó bs.
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 14. apríl 2025
og hófst hann kl. 12:00.**

Fundinn sátu:

Ásdís Kristjánsdóttir, Almar Guðmundsson, Líf Magneudóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Valdimar Víðisson, Andri Steinn Hilmarsson, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Hrannar Bragi Eyjólfsson, Kristín María Thoroddsen, Lovísa Jónsdóttir, Jóhannes Rúnarsson framkvæmdastjóri Strætó bs., Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögræðingur SSH og Katrín Margrét Guðjónsdóttir.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögræðingur SSH

Ásdís Kristjánsdóttir varaformaður eigendavettvangs setur fund og gengið er til dagskrár.

Dagskrá:

1. Fyrirkomulag almenningssamgangna ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu - 2409007

Umræður um áhættumat Reykjavíkurborgar á nýju félagi og Strætó bs. en það hefur þegar verið kynnt fyrir stjórnnum SSH og Strætó bs.

Framkvæmdastjóri kynnir yfirlit yfir þau verkefni sem snúa að Strætó bs. í því ferli sem nú stendur yfir við undirbúning stofnunar nýs félags um rekstur almenningssamgangna. Umræður.

Gestir

Halldóra Káradóttir fjármálastjóri Reykjavíkur

Ásthildur Helgadóttir sviðsstjóri umhverfissviðs Kópavogsbæjar

Stefanía Scheving Thorsteinsson áhættustjóri Reykjavíkurborgar

Birgir Björn Sigurjónsson ráðgjafi

Hörður Hilmarsson skrifstofustjóri á Fjármála- og áhættustýringarsviði Reykjavíkurborgar

Niðurstaða:

Umræður

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:15.

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

404. fundur

Föstudaginn 28. febrúar 2025 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 07:30.

Mætt voru:

Kristín María Thoroddsen (KMT), Lovísa Jónsdóttir (LJ), Dagbjört S. Oddsdóttir (DSO), Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Hrannar B Eyjólfsson (HBE) og Dóra Björt Guðjónsdóttir (DBG).

Fundinn sat einnig Jóhannes Rúnarsson (JR) og Sigurborg Þórarinsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá stjórnarfundar:

1. Nýtt félag og Strætó bs.
2. Ábendingar frá ungmennaráði Garðabæar.
3. Innri endurskoðunarskýrsla 2024.
4. Önnur mál
 - a. Skýrsla endurskoðunarnefndar

Tekið fyrir:

1. Nýtt félag og Strætó bs.

Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri SSH og Birgir Björn Sigurbjörnsson, ráðgjafi koma á fundinn og fóru yfir stöðuna og verkefnið framundan. Tímalínan verkefnið var rædd og lögfræðileg álitamál sem uppi eru.

2. Innri endurskoðunarskýrsla 2024.

Lovísa Ólafsdóttir frá Deloitte og Sigrún Guðmundsdóttir frá endurskoðunarnefnd Strætó mættu á fundinn og Sara Fönn Jóhannesdóttir frá Deloitte tók þátt í gegnum fjárfundabúnað. Fulltrúar Deloitte fóru yfir skýrslu innri endurskoðunar á innra eftirliti hjá Strætó. Sigrún Guðmundsdóttir fylgdi eftir áliti nefndarinnar á skýrslu innri endurskoðunar. Niðurstaðan var sú að ferlið gekk mjög vel, góð úttekt og viðhorf og viðbrögð stjórnenda Strætó til fyrirmyndar. Elísa Kristmannsdóttir, fjármálastjóri Strætó sat fundinn undir þessum lið.

3. Garðabær

Hrannar B. Eyjólfsson, fulltrúi Garðabæjar fór yfir ábendingar frá ungmennum í Garðabæ varðandi netið í Strætó, viðhorf vagnstjóra til ungmenna, Klappið og áreiðanleika kerfisins.

4. Önnur mál

- a) Skýrsla endurskoðunarnefndar fyrir árið 2024 var lögð fram til kynningar.

Fundi slitið 9:45

Fylgiskjöl:

Dóra Björt Guðjónsdóttir

Hrannar Björn Eyjólfsson

Andri Steinn Hilmarsson

Kristín María Thoroddsen

Lovísa Jónsdóttir

Dagbjört S. Oddsdóttir

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

405. fundur

Föstudaginn 14. mars 2025 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 07:30.

Mætt voru:

Kristín María Thoroddsen (KMT), Örvar Jóhannsson (ÖJ), Magnús Örn Guðmundsson (MÖG), Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Hrannar B Eyjólfsson (HBE) og Dóra Björt Guðjónsdóttir (DBG).

Fundinn sat einnig Jóhannes Rúnarsson (JR) og Sigurborg Þórarinsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá stjórnarfundar:

1. Árangursmat stjórnar.
2. Þjónustuúrbætur:
 - Auðkenning 11 ára og yngri.
 - Hulduheimsóknir.
 - Þjónustunámskeiðin.
 - Markaðsáherslur ársins og upplýsingagjöf.
3. Ársreikningur Strætó 2024 og endurskoðunarskýrsla.
4. Fjármál Strætó.
5. Pant akstursþjónusta.

Tekið fyrir:

1. Árangursmat stjórnar.

Framkvæmdastjóri kynnti, að spurningarlisti vegna árangursmat stjórnar yrði sent út í næstu viku.

2. Þjónustuúrbætur.

Markús Vilhjálmsson, sviðsstjóri sölu-, markaðs og þjónustusviðs kom á fundinn og kynnti ýmis verkefni sem tengjast úrbótum á þjónustu Strætó. Má þar meðal annars nefna lausn við auðkenningu 11 ára og yngri, úttekt og aðlögun á notendaviðmóti greiðslukerfis, nýjar þjónustumælingar, hulduheimsóknir og viðamikil námskeið um þjónustu. Jafnframt var farið yfir markaðsáherslur ársins 2025.

3. Ársreikningur 2024.

Undir þessum lið tóku sæti Sturla Jónsson, endurskoðandi frá Grant Thornton, Sigrún Guðmundsdóttir fulltrúi frá endurskoðunarnefnd Strætó og Elísa Kristmannsdóttir, fjármálastjóri Strætó.

Fjármálastjóri kynnti ársuppgjör Strætó fyrir árið 2024. Sturla Jónsson, endurskoðandi fór yfir endurskoðunarskýrslu og ábendingar ytri endurskoðenda. Sigrún Guðmundsdóttir fylgdi eftir álitum endurskoðunarnefndar á ársreikningi 2024.

Rekstrarniðurstaða er jákvæð um rúmlega 203 m.kr. sem er betri en áætlun ársins gerði ráð fyrir. Gjöld hækka um tæp 2,4% milli ára og tekjur um tæplega 7% milli ára. Farþegatekjur eru undir áætlun, en framlag eigenda og aðrar tekjur eru yfir áætlun. Launagjöld og annar rekstrarkostnaður er undir áætlun en rekstur vagna og aðkeyptur akstur yfir áætlun. Reksturinn styrkist milli ára en eigið fé er enn neikvætt um tæpar 161 m.kr. Veltufé frá rekstri er rúmlega 500 m.kr. og handbært fé í lok árs um 367 m.kr.

Stjórn samþykkir ársreikning Strætó fyrir árið 2024 með rafrænni undirritun sinni.

4. Fjármál Strætó

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu fjármála. Handbært fé er ásættanlegt en svigrúm til fjárfestinga í nýjum vögnum er ekkert. Í ljósi þess að áreiðanleiki og stundvísi hafa versnað töluvert samhliða lækkandi hámarkshraða og aukinni umferð er ljóst að greiða þarf verktökum uppgjör vegna aksturs umfram tímatöflu, sem er uppgjörsgrunnur í dag. Framkvæmdastjóri var heimilað að gera upp umframakstur. Farið var yfir áætlaða þjónustuaukningu sem fjölgar vögnum í akstri hjá verktökum um 13 og hjá Strætó um 6. Mikil óvissa er um, til lengri tíma litið, hvort vagnar Strætó séu ekki of gamlir. Það er því nauðsynlegt að taka ákvörðun um hvað gera á varðandi stöðu vagnaflota Strætó Samhliða þjónustuaukningu þarf að byggja upp hleðsluinnviði og er gert ráð fyrir að hjá verktökum sé sá kostnaður um um 80 m.kr. á árinu 2025, sem fjármagnað verði af auknu framlagi tengt Samgöngusáttmálanum. Framkvæmdastjóri fór yfir kostnaðarskiptingarmodel sem gildir í dag og hvaða áhrif breyttar forsendur hafa í för með sér.

5. Pant akstursþjónusta

Sturla Halldórsson, deildastjóri Pant, sem sinnir akstursþjónustu fyrir fatlað fólk, fötluð skólabörn og eldri borgara hjá fjórum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu, fór yfir tölfræði ársins 2024. Jafnframt var farið yfir breytingar á gjaldskrá Pant og samnýtingu korta í Strætó og Pant.

Fundi slitið 9:40

Fylgiskjöl:

Dóra Björt Guðjónsdóttir

Hrannar Bragi Eyjólfsson

Andri Steinn Hilmarsson

Kristín María Thoroddsen

Örvar Jóhannsson

Magnús Örn Guðmundsson

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

406. fundur

Föstudaginn 11. apríl 2025 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 07:30.

Mætt voru:

Kristín María Thoroddsen (KMT), Lovísa Jónsdóttir (LJ), Ragnhildur Jónsdóttir (RJ), Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Hrannar B Eyjólfsson (HBE) og Dóra Björt Guðjónsdóttir (DBG).

Fundinn sat einnig Jóhannes Rúnarsson (JR) og Sigurborg Þórarinsdóttir sem ritaði fundagerð.

Tekið fyrir:

1. Drög að árshlutauppgjöri.

Kynning fór fram á drögum að 3ja mánaða uppgjöri.

Elísa Kristmannsdóttir, fjármálastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Leiðarkerfisbreytingar

Kynning fór fram á fyrirhuguðum leiðarkerfisbreytingum á leið 4.

Framkvæmdarstjóra falið að kynna fyrirhugaða breytingu fyrir hagaðilum.

3. Gufunes og Kjalarnes

Kynning á fyrirhuguðum leiðarkerfisbreytingum í Gufunes og á Kjalarnesi.

Framkvæmdarstjóra falið að rýna pöntunarþjónustuna betur og skoða mögulegar úrbætur.

Fyrirhuguðum breytingum vísað til meðferðar hjá umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkur.

4. Umboðsmaður barna og ungmenni

Lagt fram bréf og niðurstöður fundar Umboðsmanns barna, tillögur frá ungmennaráði Grafarvogs, ungmennaráði Reykjavíkur og ungmennaráði Hafnarfjarðar.

Framkvæmdastjóra falið að taka saman kostnaðarmat og meta leiðir til að mæta tillögunum eins og við á og skila umsögn til stjórnar.

Stjórn þakkar góðar tillögur.

5. Vagnaleiga

Lagt fram tilboð í vagnaleigu til umræðu.

6. Talningarbúnaður í vagna.

Lagt fram minnisblað um talningarbúnað í vagna.

Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.

7. Verkefnahópur um innleiðingu breytinga

Tillaga um að stofna verkefnahóp sem hefur yfirumsjón með breytingum á rekstri Strætó Framkvæmdastjóra falið að kalla hópinn saman eftir páska.

8. Áhættugreiningu

Kynnt var áhættugreining, skjal trúnaðarmerkt.

Stefanía Scheving Thorsteinsdóttir áhættustjóri Reykjavíkurborgar, Birgir Björn Sigurbjörnsson, ráðgjafi, Halldóra Káradóttir, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar Ásthildur Helgadóttir, sviðstjóri umhverfissviðs Kópavogs og Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH tóku sæti undir þessum lið.

Fundi slitið 10:00

Fylgiskjöl:

Dóra Björt Guðjónsdóttir

Hrannar Bragi Eyjólfsson

Andri Steinn Hilmarsson

Kristín María Thoroddsen

Lovísa Jónsdóttir

Ragnhildur Jónsdóttir



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**137. fundur svæðisskipulagsnefndar
var haldinn í Hamraborg 9, föstudaginn 11. apríl 2025
og hófst hann kl. 13:30.**

Fundinn sátu:

Baldur Ólafur Svavarsson, Björg Fenger, Elís Guðmundsson, Hákon Jónsson, Helga Jónsdóttir, Hildur Björnsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Hjördís Yr Johnson, Karen María Jónsdóttir, Lovísa Björg Traustadóttir, Stefán Már Gunnlaugsson, Sævar Birgisson og Ásdís Ólafsdóttir svæðisskipulagsstjóri.

Fundargerð ritaði: Ásdís Ólafsdóttir, svæðisskipulagsstjóri

Formaður Hjálmar Sveinsson setti fund og stýrði.

Hildur Björnsdóttir tók þátt í gegnum fjarfundarbúnað.

Dagskrá:

1. Svæðisskipulag - breyting á vaxtamörkum - Rjúpnahlíð - Garðabær - 2208011

Fyrirliggjandi er bréf frá skipulagsstjóra Garðabæjar dags. 7. apríl 2025 þar sem óskað er eftir að erindi um breytingu á vaxtamörkum svæðisskipulags verði tekið fyrir á fundi svæðisskipulagsnefndar.

Erindi um breytingu á vaxtamörkum á svæðinu hefur áður verið á dagskrá nefndarinnar. Á 109. fundi þann 16. september 2022 var svæðisskipulagsstjóra falið að hefja gerð lýsingar að svæðisskipulagsbreytingu, í samstarfi við skipulagsstjóra Garðabæjar. Á 110. fundi nefndarinnar var lýsingin samþykkt. Lýsingin var í framhaldinu send aðildarsveitarfélögum til afgreiðslu sbr. 1 mgr. 23. gr. skipulagslaga 123/2010 og leitað umsagnar um hana hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum. Á 114. fundi þann 17. febrúar 2023 var erindið lagt fram að nýju ásamt minnisblaði þáverandi svæðisskipulagsstjóra. Ljóst var að ekki lá fyrir samþykki allra hlutaðeigandi sveitarfélaga fyrir breytingum á svæðisskipulagi og var málinu frestað.

Gestir

Hrönn Hafliðadóttir, Garðabæ -

Verkefnastjóri skipulagsmála Garðabæjar var gestur undir þessum lið. Hún kynnti erindið á fundinum og svaraði spurningum.

2. KÓP Gunnarshólmi Breytt svæðisskipulag-Vaxtamörk - 2503001

Þann 7. mars 2025 barst svæðisskipulagsnefnd bréf frá verkefnastjóra aðalskipulags Kópavogsbæjar, f.h. skipulagsfulltrúa bæjarins, þar sem óskað var eftir að svæðisskipulagsnefnd taki til meðferðar breytingu á vaxtamörkum svæðisskipulags fyrir Geirland og Gunnarshólma. Einnig fylgdu bréfinu drög að lýsingu vegna breytinganna, dags. 21. janúar 2025, ásamt fylgigögnum.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Erindið var kynnt á 136. fundi nefndarinnar þann 13. mars 2025 og svæðisskipulagsstjóra falið að greina málið frekar og vinna greiningu á sviðsmyndum fyrir áframhaldandi meðferð málsins og leggja fyrir næsta fund.

Fyrirliggjandi er minnisblað svæðisskipulagsstjóra.

Umræður.

Svæðisskipulagsstjóra er falið að óska eftir frekari gögnum frá Kópavogsbæ til samræmis við fyrirliggjandi minnisblað og umræður á fundinum.

3. Verkefni sóknaráætlun 2025-2029 - 2312007

Svæðisskipulagsstjóri fór yfir fyrirhuguð verkefni sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins fyrir árið 2025.

Lagt fram til kynningar

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:15.